

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 4. nóvember 2024

Mál nr. S-249/2023:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Einari Þór Gunnarssyni

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

og

Hólmfríði Lilju Gylfadóttur

(Jón Stefán Hjaltalín Einarsson lögmaður)

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, Hildur Guðrún Þorleifsdóttir og Bjarki Már Baxter

lögmennt einkaréttarkröfuhafa)

Dómur

Mál þetta var dómtekið 26. júlí 2024, en endurflutt og dómtekið að nýju þann 7. október 2024. Það er höfðað með samtals 12 ákærum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, þeirri fyrstu þingfestri 26. júní 2023. Ákærurnar eru á hendur Einari Þór Gunnarssyni, kt. [...], með lögheimili að [...], [...], en með óþekkt heimilisfang og Hólmfríði Lilju Gylfadóttur, kt. [...], [...] í [...], ýmist báðum eða hvoru þeirra fyrir sig eins og nánar er greint hér á eftir. Í dómi þessum verður gerð grein fyrir hverri ákæru fyrir sig og í beinu framhaldi greint frá afstöðu ákærðu til sakarefnis sem og málavöxtum, sönnunarfærslu og niðurstöðu dómara um sönnunarmat sem og bótakröfu þegar við á. Til hagræðis fær hver ákæra númer og í framhaldi verður vísað til ákæruskjala með því númeri. Fjallað verður um refsiaðkvörðun og sakarkostnað í sérstökum köflum.

Við meðferð málsins reyndist erfitt að fá ákærðu fyrir dóm og við upphaf aðalmeðferðar þess mættu hvorugt. Ákærða Hólmfríður Lilja mætti til skýrslugjafar á síðari degi aðalmeðferðar en ákærði Einar Þór ekki. Eftir skýrslutökur var málinu frestað til framhalds aðalmeðferðar til að freista þess að fá Einar Þór til að gefa skýrslu. Voru gerðar nokkrar atrennur að því en án árangurs. Í öllum tilvikum lýsti verjandi Einars Þórs því að hann hefði verið í sambandi við umbjóðanda sinn og látið hann vita um málsmeðferðina. Hann mætti aldrei og ekki náðist heldur tenging við netfang hans til að skýrsla gæti farið fram á fjarfundi. Engin vitneskja var heldur til staðar um hvar Einar Þór héldi sig þannig að ekki var unnt að láta handtaka hann og færa fyrir dóminn. Þann

26. júlí sl. var hann síðast boðaður en þegar hann mætti ekki var ákveðið að ekki yrði reynt frekar og var málið þá flutt og dómtekið hið fyrra sinni.

I

Ákærðu eru eða voru sambýlisfólk á því tímabili sem ætluð brot þeirra sem hér fjallað um áttu sér stað. Lýsti ákærða Hólmfríður Lilja því svo að sambúð þeirra hafi verið stormasöm.

Við skýrslugjöf fyrir dómi kom fram hjá ákærðu Hólmfríði Lilju að hún væri búin að vera edrú í þrjá mánuði og hefði dvalist í [...]. Meðákærði hafi fyrst verið með henni í [...]en hann hafi farið heim og samband þeirra sé búið. Hún hafi verið að reyna að hjálpa honum og bjarga honum úr „þessu rugli“ með því að bjóða honum að búa hjá sér í [...], en þangað hafi hún flutt til að ná aftur tökum á lífi sínu. Hún bara geti ekki „þessu bulli“. Hún kvaðst ekkert vita um hvar Einar Þór væri nú.

Í málinu voru upphaflega til meðferðar 13 ákærur, en við endurflutning málsins var ein ákæra afturkölluð og því eru ákæruskjöl alls 12.

1

Ákæra gefin út 21. apríl 2023 á hendur ákærðu báðum fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot:

„I. (316-2023-1414)

Gegn ákærðu báðum, fyrir að hafa föstudaginn 3. febrúar 2023 í sameiningu stolið hárnæringu og hármaska að verðmæti samtals 7.800 krónur af hárgreiðslustofunni Adell, Hólabraut 13, Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. (316-2023-1535)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju, fyrir að hafa mánudaginn 6. febrúar 2023, á hárgreiðslustofunni Modus í verslunarmiðstöðinni á Glerártogi á Akureyri, stolið tveimur flöskum af sjampói og tveimur dollum af leir í hárið, en þessar vörur voru samtals að verðmæti 13.460 krónur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. (316-2023-2133)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju, fyrir að hafa föstudaginn 17. febrúar 2023, stolið bíllyklum úr bifreiðinni [...], sem var vinnubifreið merkt Hertex og stóð fyrir utan verslun Hertex að Hrísalundi 1 B á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV. (316-2023-2212)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju, fyrir að hafa sunnudaginn 19. febrúar 2023, stolið vörum (snyrtivörum, fatnaði o.fl.) að verðmæti samtals 51.659 krónur úr versluninni Nettó að Hrísalundi 5 á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

V. (316-2023-2480)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju, fyrir að hafa mánudaginn 20. febrúar 2023, stolið vörum að verðmæti kr. 105.666 krónur, en aðallega var um að ræða snyrtivörur, úr verslun Hagkaupa að Furuvöllum 17 á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VI. (316-2023-2504)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju, fyrir að hafa laugardaginn 25. febrúar 2023, stolið úlpu (af gerðinni Whistle) og peysu (af gerðinni 66° Norður) úr starfsmannaaðstöðu verslunar Hagkaupa að Furuvöllum 17 á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VII. (316-2023-2606)

Gegn ákærðu Hólmfríði Lilju fyrir að hafa miðvikudaginn 1. mars 2023, stolið vörum að verðmæti 115.637 krónur, sem aðallega voru snyrtivörur, úr verslun Hagkaupa að Furuvöllum 17 á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða Einars Þórs er krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og í báðum tilvikum verði sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda hans Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns.

Ákærða Hólmfríður Lilja krefst sýknu af þeim ákæruliðum þar sem hún neitar sök, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Nær varakrafa hennar og til þeirra sakaratriða þar sem hún hefur játað sök. Í öllum tilvikum krefst hún þess að

sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð og þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda hennar, Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns.

Ákærða Hólmfríður Lilja játar sök varðandi ákæruliði IV, V og VII, en neitar að öðru leyti.

Játningar ákærðu samræmast sönnunargögnum málsins og verður ákærða því sakfelld fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæruliðum IV, V og VII og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

Ákæruliður I

Ákærðu neita bæði sök.

Málsatvik eru þau í stuttu máli að ákærða Hólmfríður Lilja kom inn á hárgreiðslustofuna Adell um klukkan 9.25 að morgni föstudaginn 3. febrúar 2023. Meðákærði mun hafa beðið í bifreið í eigu ákærðu fyrir utan hárgreiðslustofuna. Ákærða spurði hvort hún geti pantað tíma og sest svo niður og fer að skoða vörur sem stillt var upp í hillum nærri sæti hennar. Ekki er unnt að sjá hvað hún hefst nánar að þarna. Hún stendur svo upp og fer að afgreiðsluborði og óskar eftir að skila hárnæringu sem hún kveðst hafa keypt í annarri verslun. Ekki var fallist á það. Eftir nokkra stund kemur meðákærði inn á hárgreiðslustofuna. Bæði ákærðu standa hlið við hlið við vöruhíllur og ákærða er að skoða vörur. Á öryggismyndavél sést ákærða taka vöru úr hillu og stinga inn fyrir jakka ákærða og hann laga jakka sinn til. Þau fara síðan út úr hárgreiðslustofunni. Starfsmaður stofunnar sem taldi háttsemi ákærðu grunsamlega skoðaði myndband úr öryggismyndavél og kannaði með vörur í hillum. Hún hringdi síðan í lögreglu og kvaðst hafa séð á öryggismyndbandi að tilteknum vörum (hármaski K-18 (söluverð 6.400 krónur) og hárnæring Maroccan Oil (söluverð 1.400 krónur)) hefði verið stolið. Hefðu ákærðu yfirgefið staðinn í bifreið og greindi starfsmaðurinn frá skráningarnúmeri bifreiðarinnar. Skoðaði lögregla myndbandið á staðnum og þekkti ákærðu bæði á myndbandinu vegna fyrri afskipta af þeim. Í kjölfarið hélt lögregla að heimili ákærðu Hólmfríðar Lilju og hitti hana þar fyrir á stigagangi þar sem hún kvað meðákærða Einar Þór hafa farið og hafa tekið með sér lykla að íbúðinni. Heimilaði ákærða leit í bifreið sinni og fundu lögreglumenn þar umbúðir utan af fyrrnefndum hármaska. Nokkru síðar framvísaði ákærða hármaskanum og hárnæringunni. Reyndust þetta vera þær vörur sem starfsmaður hárgreiðslustofunnar kvaðst hafa grunað ákærðu um að taka.

Í málinu liggja fyrir upptökur úr öryggismyndavélum á hárgreiðslustofunni og einnig upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna er þeir höfðu afskipti af ákærðu Hólmsfríði Lilju á stigagangi fjölbylishússins sem hún bjó í.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærða neita því að hafa stolið einhverju á hárgreiðslustofunni Adell. Hún kvaðst hafa farið yfir myndband sem liggi fyrir í málinu og hún skilji ekki hvernig ákærvaldið komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi verið að stela einhverju þarna. Hún hafi verið að kaupa sér hárolú og hún hafi borgað fyrir hana. Meðákærði Einar Þór sjáist hins vegar labba út með þessar vörur. Hún hafi ekki labbað út með neinar vörur sem hún hafi ekki borgað fyrir. Af hálfu ákærvalds var til þess vísað að það sæist í áður nefndu myndbandi að ákærða setti eitthvað í jakka meðákærða en ákærða kvaðst ekki muna þetta vel en hafna því alfarið að hún hafi gengið með umrædda vöru út úr versluninni. Hún kvaðst aðspurð ekki muna hvort hármaski sem rætt er um í ákæru hafi verið í hennar vörslu þegar lögregla hafði afskipti af henni stuttu síðar. Ákærða lýsti því að hún og meðákærði hafi verið í sambúð og hún hafi oft tekið einhverja hluti úr bílnum og sett í töskuna sína og það geti vel verið að þessi hármaski hafi verið í töskunni, en hún hafi aldrei tekið þennan hármaska og gengið með hann út. Hún hafi hins vegar keypt sér hárolú sem kostað hafi 6.000 krónur. Nánar aðspurð staðfesti hún að umrædda hárolú hafi hún keypt í Reykjavík og hafi ætlað að fá að skipta henni á hárgreiðslustofunni.

A gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst hafa verið að vinna á hárgreiðslustofunni Adell þegar sá atburður átti sér stað sem hér er fjallað um. Hún kvað ákærðu hafa komið inn á hárgreiðslustofuna snemma um morgun rétt eftir opnun kl. 9. Annar viðskiptavinur hafi átt bókaðan tíma strax eftir opnun. Ákærða hafi strax sýnt „ekki alveg eðlilega hegðun“. Hún hafi ekki horft á starfsmenn en hafi verið að horfa í kring um sig eins og hún væri að leita að einhverju. Kvaðst A hafa spurt hvort ákærða ætti pantaðan tíma en hún hafi sagst ætla að panta tíma. A hafi sagt henni að það væri laus tími kl. 9.30. Ákærða hafi þá sest niður. Hún hafi síðan fært sig og hafi verið að skoða ýmsar vörur. Síðan standi hún upp og sé þá með litanæringu sem hún sagðist vilja skila þar sem hún hafi keypt hana í Reykjavík. Þetta hafi verið alveg eins litanæring og seld var í hárgreiðslustofunni og hafi verið stillt upp í hillu alveg við þann stað sem ákærða hefði setið á. Strákur sem hún hafi tekið eftir að sat í bíl fyrir utan hafi komið inn, hafi farið út og komið inn aftur. Þau hafi staðið saman við rekka með vörum. Henni hafi fundist háttalag þeirra furðulegt. Þegar þau hafi síðan verið farin út kvaðst A hafa farið í

myndavélakerfi hárgreiðslustofunnar og skoðað. Hafi hún þá séð þar sem ákærða Hólmfríður setur inn á ákærða Einar Þór hármaska. Hann hafi farið með hármaskann út í bíl. Hún hafi þá hringt á lögreglu. Hún lýsti því nánar svo að hún hafi séð í myndavélakerfi að ákærði Einar Þór hafi lyft upp jakka sínum, ákærða Hólmfríður hafi sett inn á hann hármaskann og hann sett jakkann yfir og farið með út. Hún kvaðst á hinn bóginn ekki hafa séð ákærðu taka hárnæringu en hana hafi grunað það þar sem ákærða hafi setið alveg við þann stað þar sem þessari vöru var stillt upp í hillu. Hún hafi síðan komið að afgreiðsluborðinu með alveg eins vöru og hafi ætlað að skipta henni eða skila. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð ákærðu taka þessa vöru þannig að hún gæti ekki verið 100% viss um að hún hefði stolið henni.

Þá gaf skýrslu lögreglumaður nr. B en hann gerði frumskýrslu í málinu. Hann staðfesti skýrslu sína. Hann staðfesti að ákærða Hólmfríður hafi tekið hármaska upp úr tösku sinni og látið hann hafa er lögregla hafði afskipti af henni. Áður en hann kom á vettvang hafi hún verið búin að framvísa hárnæringu, en fram hafi komið í samtali hans við ákærðu Hólmfríði að hárnæringuna hafi hún farið með inn á hárgreiðslustofuna til að skipta henni.

Þá gaf skýrslu lögreglumaður nr. D. Hann kvaðst hafa verið varðstjóri á vakt þegar þetta hafi verið og kvaðst muna að hann hefði gert myndaskoðunarskýrslu vegna málsins þar sem hann hafi farið yfir upptökur úr öryggismyndavélum hárgreiðslustofunnar. Hann staðfesti skýrsluna og kvað þar vísað til tímaskráningar sem komi fram á myndskaiðum þar sem sjáist að ákærðu hafi verið að skoða í hillur og stinga inn á sig vörum. Hann staðfesti að í myndbandinu megi sjá ákærðu Hólmfríði stinga vörum inn á ákærða Einar Þór. Hann kvað aðspurður að ákærði Einar Þór hafi klárlega vitað af því að vörunum hafi verið stungið inn á hann.

Niðurstaða dómsins um ákærulið I:

Í málinu liggur fyrir að lögregla var kölluð að umræddri hárgreiðslustofu vegna gruns starfsmanns um að ákærðu hefðu stolið tveimur nánar tilgreindum vörum. Þessar vörur fundust í fórum ákærðu og var skilað. Af upptökum úr öryggismyndavél má sjá að annarri vörunni stakk ákærða Hólmfríður Lilja inn á jakka meðákærða Einars Þórs. Þau fóru síðan af hárgreiðslustofunni á bifreið í eigu ákærðu Hólmfríðar Lilju. Lögregla hélt að sameiginlegu heimili ákærðu og var bifreið hennar þar að finna og ákærða Hólmfríður Lilja var í stigagangi fjölbýlishússins. Við leit í bifreiðinni fundust umbúðir utan af hármaska sem ákærðu voru grunuð um að hafa stolið og framvísaði ákærða vörunni eftir

nokkrar samræður við lögreglu. Þá afhenti ákærða lögreglu einnig hárnæringu þá sem hún hafði reynt að skila í búðinni og sést á upptöku úr öryggismyndavél og er bókað í skýrslu að hún hafi keypt þessa hárnæringu í annarri verslun en hafi reynt að fá að skila henni á hárgreiðslustofunni. Þessa skýringu varðandi hárnæringuna endurtók ákærða í skýrslu sinni fyrir dómi. Með því sem að framan er lýst telst sannað að ákærðu bæði stóðu að því að stela fyrrnefndum hármaska að verðmæti 6.000 krónur með því að ákærða tók hármaskann úr hillu og setti inn á jakka meðákærða og þau yfirgáfu síðan hárgreiðslustofuna. Með því var brot þeirra fullframið. Á hinn bóginn telst ósannað að ákærðu hafi þarna stolið hárnæringu að verðmæti 1.300 krónur, enda sést hvorki á öryggismyndavélarmyndum eða gat starfsmaður fullyrt að hafa séð ákærðu Hólmfríði Lilju fjarlægja umrædda vöru úr hillu. Á hinn bóginn sést skýrlega að ákærða kemur með vöruna og óskar að skipta henni við afgreiðsluborð. Hefur ákærða og haldið sig við þá skýringu að þetta hafi verið vara sem hún hafi keypt annarsstaðar. Er með vísan til framangreinds ósannað í málinu að ákærðu hafi stolið umræddri hárnæringu. Verða ákærðu því sakfelld fyrir að hafa sameiginlega stolið framangreindum hármaska en sýknuð af stuldi á hárnæringu. Engin einkaréttarkrafa er höfð uppi í málinu. Sú háttsemi sem ákærðu er hér sakfelld fyrir og kemur fram í I. lið ákæru er þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

Ákæruliður II:

Ákærða Hólmfríður Lilja neitar sök.

Málavextir eru þeir að mánudaginn 6. febrúar 2023 hafði húsvörður í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi samband við lögreglu og tilkynnti um þjófnað á vörum af hárgreiðslustofunni Modus sem hann hafi séð í öryggismyndavél verslunarmiðstöðvarinnar. Upptaka úr öryggismyndavélinni liggur fyrir í málinu þar sem sést að ákærða fer inn á hárgreiðslustofuna og skoðar þar í hillurekka og virðist setja eitthvað í tösku sína. Komu tveir lögreglumenn á staðinn og höfðu afskipti af ákærðu þar sem hún var að greiða fyrir vörur í annarri verslun. Upptökur úr búkmyndavélum lögreglumannana liggja fyrir í málinu. Má þar sjá skýrlega að ákærða framvísar fjórum vörum og skilar þeim á umrædda hárgreiðslustofu þar sem afgreiðslumaður kannast við vörurnar. Ákærða biðst afsökunar og þrúspyr hvort hún megi ekki borga vörurnar. Samkvæmt upplýsingum frá hárgreiðslustofunni var verðmæti varanna 13.460 krónur.

Aðspurð um þennan ákærulið kvaðst ákærða neita sök. Hún hafi verið í „blackouti“, búin að taka allt of mikið af pillum og muni ekki neitt. Hún hafi verið með allar vörurnar óopnaðar þarna á Glerártorgi og þeim hafi verið skilað öllum óskemmdum og starfsmaður verslunarinnar hafi ekki viljað kæra þetta. Kvaðst ákærða hafa beðist innilega afsökunar á þessu. Hún hafi tekið þessar vörur en hafi skilað þeim öllum í sama ástandi og hún tók þær. Hún hafi ekki verið komin út úr verslunarmiðstöðinni.

E gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst hafa verið ein að vinna á hárgreiðslustofunni Modus í verslunarmiðstöðinni á Glerártorgi á umræddum tíma. Ákærða hafi komið inn að skoða og hún hafi spurt ákærðu hvort hún gæti gert eitthvað fyrir hana en ekkert svar fengið. Þá kvaðst E hafa farið að sinna ýmsum verkum og hafi ekki veitt ákærðu frekari athygli fyrr en húsvörður hafi fylgt ákærðu inn til að skila vörum sem hún hefði tekið. Hún staðfesti að það sem tekið hefði verið hefðu verið tvær flöskur af sjampói og tvær einingar af „leir í hárið“. E kvað húsvörðinn hafa séð til ákærðu í öryggismyndavél og þess vegna hafi hann haft afskipti af henni.

Lögreglumaður nr. F gaf skýrslu fyrir dómi en hann ritaði frumskýrslu. Hann staðfesti skýrslu sína og að það sem þar kæmi fram væri rétt. Hann kvað húsvörð í verslunarmiðstöðinni á Glerártorgi hafi kallað til lögreglu vegna ákærðu. Hann hafi talað við ákærðu og hún hafi síðan farið af vettvangi að því loknu. Ákærða hafi jatað að hafa tekið þær vörur sem hún hafi verið með og hafi viljað greiða fyrir þær eða skila þeim. Síðan hafi henni verið fylgt að hárgreiðslustofunni og þar hafi verið rætt við starfsmann og vörunum hafi verið skilað. Þá kvaðst lögreglumaðurinn hafa tilkynnt ákærðu um að hún yrði kærð fyrir þjófnaðinn.

Lögreglumaður nr. G gaf skýrslu fyrir dómi. Hún staðfesti að lýsing sú sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu sé rétt. Tilkynning hafi komið frá húsvörði á Glerártorgi sem séð hafi í myndavélakerfi að ákærða hefði verið að taka vörur. Er lögregla hafi komið á staðinn hafi húsvörðurinn bent þeim á ákærðu. Lögreglumennirnir hafi síðan átt samtál við ákærðu og hún hafi viðurkennt að hafa tekið vörur af hárgreiðslustofunni Modus. Lögregla fylgdi ákærðu þangað og hún skilaði vörunum. Aðspurð um hvort lögregla hefði séð myndir úr öryggismyndavél kvað vitnið að húsvörðurinn hafi komið með afrit á lögreglustöð.

Niðurstaða dómsins um ákærulið II.

Ákærða hefur eins og fyrr greinir neitað sök. Á hinn bóginn hafa vitni borið að ákærða hafi farið inn í umrædda hárgreiðslustofu og tekið þar vörur. Framvísaði hún vörunum á hárgreiðslustofunni og bauðst til að borga þær. Myndefni sem liggur fyrir í málinu, upptaka úr öryggismyndavél, sem og myndir úr búkmyndavélum lögreglumanna sýna svo ekki verður um villst að ákærða tók umræddar vörur og fór með þær af hárgreiðslustofunni án þess að greiða fyrir. Með því að fara með vörurnar út úr versluninni telst þjófnaður hennar fullframinn. Hún skilaði ekki vörunum fyrr en eftir afskipti lögreglu er ákærða var stödd í annarri verslun. Með framangreindu telst sannað að ákærða hafi viðhaft þá háttsemi sem greinir í II. ákærulið og verður því sakfelld samkvæmt ákæru, en háttsemi hennar er þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis. Fyrir liggur að umræddum vörum var skilað í verslunina í upprunalegum umbúðum og voru þær óskemmdar og söluhæfar. Engin bótakrafa er í málinu.

Ákæruliður III

Ákærða Hólmfríður Lilja neitar sök.

Málavextir eru þeir að þann 17. febrúar 2023 hurfu bíllyklar úr ólæstri bifreið sem stóð við verslunina Hertex. Bifreiðin var vinnubifreið í eigu verslunarinnar. Tilkynnti starfsmaður verslunarinnar málið til lögreglu og kvaðst telja að ölvuð kona hefði tekið lyklana. Lögregla skoðaði myndir úr öryggismyndavél verslunarinnar og þekkti þar ákærðu Hólmfríði Lilju. Á myndbandinu sést hvar ákærða situr á stól í porti fyrir utan verslunina á tali við mann. Hún stendur upp af stólnum og gengur meðfram byggingunni til vinstri og þar inn um dyr. Maðurinn sést ganga úr mynd og inn í húsið aðra leið. Ákærða kemur fljótlega aftur út um dyrnar og gengur fram með hlið lítillar sendibifreiðar sem þar stendur á milli myndavélarinnar og ákærðu. Ákærða er í hvarfi við bifreiðina og er á því byggt af hálfu ákæruvalds að þá hafi hún opnað bílstjórahurð, farið inn í bifreiðina og tekið þaðan bíllykla úr hólfi milli sæta. Kærasti ákærðu, meðákærði Einar Þór, skilaði lyklum, þar á meðal lykli að umræddri bifreið, til lögreglu daginn eftir þennan atburð. Er haft eftir honum í lögregluskýrslu að hann telji að ákærða Hólmfríður Lilja hafi verið með umrædda lykla í vörslum sínum. Fram kemur í skýrslum lögreglu að þeir bíllyklar sem þetta mál fjallar um hafi verið afhentir eiganda bifreiðarinnar 18. febrúar 2023.

Ákærða neitar sök. Hún kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi ekkert muna sérstaklega eftir að hafa verið við þetta húsnæði þennan dag, en sagðist oft hafa labbað þarna framhjá,

en hún hafi búið í nágrenninu. Einar Þór hafi hins vegar skilað þessum lyklum klukkutíma síðar og „kallinn“ hafi ekkert viljað kæra þetta. Þá kvað hún að í myndbandi sem liggi fyrir í málinu sjáist hún aldrei stela neinum lyklum.

H gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið verslunarstjóri og hafi borið ábyrgð á þeirri bifreið sem lykillinn var að, en þetta hafi verið vinnubifreið. Bifreiðin hafi verið ólæst og lykillinn í henni á milli sætanna. Hann hafi farið úr bifreiðinni og ætlað að koma strax aftur, en tafist. Er hann hafi komið aftur í bifreiðina hafi hann séð að rótað hefði verið í bifreiðinni en ekkert hafi verið horfið nema lykillinn. Hann kvaðst strax hafa vitað hver hafi verið þarna að verki vegna þess að það hafi verið vínklas við bílhurðina og kona, „ekki edrú“, hafi verið búin að vera með vínklas þarna fyrir utan í smá stund. Hún hafi sagst vera að leita að einhverju sem hún hafi gleymt. Eftir að hann fann ekki bíllykilinn kvaðst hann hafa farið í myndvélakerfi og séð þá að ákærða hefði farið inn í bifreiðina. Hann hafi ekki þekkt til ákærðu fyrir þennan tíma. Hann kvaðst aðspurður ekki vita hvað bíllyklar af þessari gerð kostuðu, en það hlyti að vera töluverður kostnaður að endurnýja þá, vegna tölvubúnaðar sem sé í þeim. Þá kvaðst hann hafi fengið lykllana til baka frá lögreglu daginn eftir atburðinn.

Lögreglumaður nr. I gaf skýrslu fyrir dómi en hún ritaði frumskýrslu í málinu. Hún staðfesti skýrsluna og kvað allt rétt sem þar greinir. Hún kvaðst hafa farið á vettvang og rætt við aðila í Hertex og hafi séð upptökur úr myndavélakerfi og hafi þar borið kennsl á ákærðu þar sem hún sé að fara inn í umrædda bifreið. Hún hafi reynt að finna ákærðu þennan sama dag, en án árangurs. Önnur vakt hafi svo tekið við áframhaldi málsins.

Niðurstaða dómsins um ákærulið III:

Eins og fyrr segir neitar ákærða sök. Í málinu liggur fyrir upptaka úr öryggismyndavél sem sýnir að ákærða gengur meðfram hlið umræddrar bifreiðar og er þá í hvarfi við bifreiðana. Er hún gengur fyrst upp að bifreiðinni má sjá efsta hluta höfuðs hennar standa upp fyrir þak bifreiðarinnar en höfuð hennar hverfur síðan bak við bifreiðina. Bendir þetta til þess að ákærða hafi beygt sig niður þegar hún gekk meðfram bifreiðinni. Ákærða er í hvarfi við bifreiðina í nokkra stund og á því tímabili má sjá á upptöku, á tilteknum tíma hreyfingu inni í bifreiðinni. Sést þetta í gegn um glugga bifreiðarinnar farþegamegin að framan. Bendir þetta sterklega til þess að ákærða hafi opnað bílstjórastjórahurð bifreiðarinnar, farið inn í hana og valdið því umróti sem vitnið H bar um að hann hefði séð. Bíllykillinn sem hvarf kom degi síðar í hendur lögreglu, en í lögregluskýrslu er frá því greint að sambýlismaður ákærðu hafi komið með lykllana. Eins

og fyrr er sagt í dómi þessum gaf sambýlismaður ákærðu, meðákærði Einar Þór ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins. Er að mati dómsins ekki unnt að leggja til grundvallar sem sönnunargagn fullyrðingar sem eftir honum eru hafðar í lögregluskýrslu. Fyrirliggjandi myndband úr öryggismyndavél veitir ekki vissu fyrir því að ákærða hafi tekið þann lykil sem um ræðir. Þá er að hafa að lykillinn komst ekki til lögreglu fyrir tilverknað hennar. Samkvæmt framansögðu verður ákærða sýknuð af refsikröfu ákærvalds vegna þessa ákæruliðar.

Ákæruliður VI:

Málsatvik eru þau að 25. febrúar 2023 kom ákærða í verslun Hagkaups eins og nánar greinir í ákæru. Tveir starfsmenn verslunarinnar komu á lögreglustöð þremur dögum síðar og tilkynntu að úlpu í eigu annars þeirra og peysu í eigu hins hafi verið stolið úr starfsmannaaðstöðu verslunarinnar. Báðar hafi flíkurnar verið svartar á lit. Aflað var myndefnis úr öryggismyndavélum verslunarinnar og sést þar að ákærða gengur þar inn og heldur rակleiddis að tröppum sem liggja niður í kjallara, fer þar inn um dyr sem munu liggja að salerni, kemur þaðan út aftur skömmu síðar og gengur þá inn eftir gangi og fer inn um dyr sem munu liggja að starfsmannaaðstöðu. Stuttu síðar kemur ákærða til baka fram á ganginn og heldur þá á ljósgrárrí úlpu í fanginu sem hún var í þegar hún kom inn í verslunina. Sjá má að undir úlpunni var eitthvað annað, nokkuð fyrirferðarmikið, sem gæti samsvarað því að vera þær tvær flíkur sem saknað var úr starfsmannaaðstöðunni. Þá sést, ef grannt er skoðað að svört ermi hangir niður undan úlpu ákærðu. Lögregla var á þessum tíma að rannsaka fleiri mál þar sem ákærða var grunuð um þjófnað. Fór fram húsleit á heimili hennar og fannst þar þýfi sem tengdist öðrum málum, en úlpan og peysan fundust ekki. Í skýrslu ákærðu hjá lögreglu er eftir henni haft að kærasti hennar, Einar Þór, væri í peysunni sem um ræddi. Lögregla hafði afskipti af Einari Þór vegna annars máls og var hann þá í samskonar peysu, sem þá var haldlögð. Eiganda peysunnar sem hvarf var sýnd peysan og kvað hann hana vera samskonar, sama tegund, sami litur og sama stærð. Eigandinn kærði sig hins vegar ekki um að fá peysuna aftur þar sem ástand hennar hafi ekki verið gott, auk þess sem fundist hafi í henni notuð sprautunál.

Ákærða neitar sök varðandi ákærulið VI. Í skýrslu sinni hafnaði hún því að hafa verið þarna að verki og vísaði til þess að umræddir hlutir hafi ekki fundist hjá henni. Hún staðfesti að hún hefði verið í Hagkaup á þessum degi.

Lögreglumaður nr. J gaf skýrslu fyrir dómi, en hún ritaði frumskýrslu vegna málsins. Hún staðfesti efni skýrslunnar og að þar væri rétt frá sagt. Hún kvaðst hafa verið á vakt þegar tveir starfsmenn Hagkaups hafi komið og viljað tilkynna umræddan þjófnað. Kvaðst hún hafa verið með annað þjófnaðarmál á sama sakborning. Hún kvaðst hafa gert frumskýrslu og hafi sótt gögn til Hagkaups, meðal annar myndir úr öryggismyndavélum. Í kjölfarið hafi hún farið í húsleit heima hjá ákærðu og hafi þar fundið þýfi en það hafi verið úr öðru þjófnaðarmáli. Stuttu eftir þetta þá hafi þáverandi kærasti ákærðu Einar Þór verið handtekinn og hann hafi verið í sambærilegri peysu. Peysan hafi verið haldlögð og eigandi hinnar stolnu peysu hafi staðfest að þetta væri sambærileg peysa, sama merki sama stærð og hafi litið eins út, nema hún hafi verið orðin óhrein auk þess sem fundist hafi notuð sprautunál í henni. Starfsmaðurinn hafi ekki viljað fá peysuna aftur í því ástandi sem hún hafi verið. Úlpa sem hvarf úr starfsmannaaðstöðunni hafi aldrei fundist þó leitað hafi verið heima hjá ákærðu.

Niðurstæða dómsins varðandi ákærulið VI:

Þegar litið er til þess myndefnis sem liggur fyrir í málinu og að framan er lýst er að mati dómsins sannað að ákærða hafi á umræddum tíma farið inn í starfsmannaaðstöðu verslunar Hagkaups eins og greinir í ákæru og hafi haft á brott með sér eitthvað sem hún haldi undir úlpu sinni. Hvað það var er á hinn bóginn ósannað. Liggur fyrir að umrædd úlpa fannst ekki í fórum ákærðu. Þá er ekki fyrir að fara sönnunargögnum sem taka af vafa um að sú peysa sem tekin var af kærasta ákærðu væri í raun sú peysa sem hvarf. Er sök ákærðu því ekki sönnuð varðandi þennan ákærulið. Ákærða er því sýknuð af VI. lið ákæru.

2

Ákæra 23. júní 2023 á hendur Hólfríði Lilju Gylfadóttur „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 1. mars 2023, ekið bifreiðinni [...], undir áhrifum ávana- og fíkniefna (í blóðsýni sem tekið var úr ákærðu vegna rannsóknar málsins mældist amfetamín 730 ng/ml. og etizólam 29 ng/ml.) og ófær um að stjórna ökutækinu örugglega vegna töku slævandi lyfja (við rannsókn á blóðsýninu reyndust eftirtalin lyf vera í sýninu: alprazolam 11 ng/ml. og búprenorfin 1,1 ng/ml) vestur Strandgötu á Akureyri, norður Glerárgötu og vestur Gránufélagsgötu uns hún stöðvaði aksturinn við Vínbúðina að Hólabraut 16.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 99. gr. og 101. gr. nefndra umferðarlaga.“

Ákærða játar sök og er játning hennar í samræmi við rannsóknargögn. Verður hún því sakfelld fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

3

Ákæra 23. júní 2022 á hendur Einari Þór „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 4. febrúar 2022, ekið bifreiðinni [...] án ökuréttar um Vesturlandsveg í Hvalfjarðargöngunum og með allt að 81 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en þar er leyfilegur hámarkshraði 70 kílómetrar.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr., sbr. 4. mgr. 37. gr., sbr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök.

Málavextir eru þeir að 23. júní 2022 var tekin mynd í hraðamyndavélakerfi í Hvalfjarðargöngum af ofangreindri bifreið og sýnir myndin að hraði bifreiðarinnar var 81 kílómetri miðað við klukkustund. Framangreind mynd liggur fyrir í málinu og eins stækkuð mynd af ökumanni bifreiðarinnar. Þá liggur fyrir í málinu mynd úr ökuskírteini ákærða sem og margar aðrar myndir af honum í gögnum vegna annarra sakarefna.

Niðurstæða vegna ákæru nr. 3.

Þegar framangreindar myndir sem liggja fyrir í málinu eru bornar saman er að mati dómsins enginn vafi á því að ákærði er ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Á þessum tíma var ákærði ekki með ökuréttindi. Er því ekki efni til annars en að telja ákærða sannan að sök um að hafa ekið bifreiðinni, án ökuréttinda og á of miklum hraða eins og lýst er nánar í ákæru. Ákærði verður því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

4

Ákæra 29. september 2023 á hendur Einari Þór „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudagskvöldið 21. júlí 2023, ekið bifreiðinni [...], sviptur ökurétti, undir

áhrifum áfengis (í blóðsýni úr ákærða mældist alkóhólmagn 1,07 0/00) og undir áhrifum ávana- og fíkniefna (í blóðsýni sem tekið var úr ákærða vegna rannsóknar málsins mældist amfetamín 430 ng/ml.) um Tjarnarlund, Skógarlund og Furulund á Akureyri, uns hann stöðvaði bifreiðina við hús [...] í Furulundi og sinna ekki stöðvunarkerkjum lögreglu sem hugðist stöðva akstur hans á Tjarnarlundi, heldur auka hraða bifreiðar sinnar og freista þess að komast þannig undan lögreglu.

Telst þetta varða við 5. mgr. 7. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 99. gr. og 101. gr. nefndra umferðarlaga.“

Ákærði játar sök og er sú játning í samræmi við rannsóknargögn. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

5

Með ákæru 13. október 2023 gegn ákærðu báðum „fyrir nytjastuld og önnur brot er varðar sýnileg sönnunargögn með því að hafa í sameiningu, miðvikudaginn 15. júní 2022, tekið bifreiðina [...] án heimildar þar sem hún stóð á bifreiðastæði við [...] í Reykjavík og ekið henni í heimildarleysi frá þeim stað og um götur í Reykjavík, uns þau stöðvuðu bifreiðina á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Kringluna í Reykjavík og hafa í sameiningu skipt um númeraspjöld á bifreiðinni og sett númer sem þau tóku af bifreið í nálægu bifreiðastæði og settu á bifreiðina en með þessu voru þau að reyna að leyna því á hvaða bifreið þau voru.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði Einar Þór játar sök og krefst vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

Ákærða Hólmfríður Lilja neitar sök og krefst sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda. játar sök en ákærða Hólmfríður Lilja neitar.

Málavextir eru þeir í stuttu máli að umræddri bifreið hafði verið lagt í bifreiðastæði við [...] í Reykjavík og var bifreiðin í gangi. Umráðamaður bifreiðarinnar var að bera vörur úr bifreiðinni. Ákærði Einar Þór settist upp í bifreiðina og ók henni brott. Framburður Einars Þórs hjá lögreglu var að hann hefði tekið bifreiðina einn en tekið meðákærðu upp í bílinn þar skammt frá. Umráðamaður bifreiðarinnar, vitnið K lýsir því á hinn bóginn að bæði ákærðu hafi sest upp í bifreiðina áður en henni hafi verið ekið burt. Nokkru eftir að málið var tilkynnt til lögreglu fannst bifreiðin í bifreiðastæði í Kringlunni og var þá með önnur skráningarmerki. Kemur fram í lögregluskýrslu að húsvörður hafi haft samband við lögreglu og lýst því að hafa séð í öryggismyndvélakerfi þegar tveir einstaklingar hafi komið á þessari bifreið og hafi síðan skipt um númeraplötur á henni. Er lögregla hafi verið að skoða umrætt myndskleid hafi sést í öryggismyndavél að tveir einstaklingar komu að bifreiðinni og virtust vera þeir sömu og höfðu komið á henni. Lögregla hélt að bifreiðinni og hafði tal af þessu fólki og voru það ákærðu. Umráðamaður bifreiðarinnar, vitnið K, kom þarna skömmu síðar og tók við bifreiðinni sem reyndist óskemmd. Hitti hún þar fyrir lögreglu, sem og ákærðu. Taldi hún að ákærðu væru sama fólkið og sest hafi upp í bifreiðina áður en henni var ekið á brott.

Í skýrslu ákærðu Hólmsfríðar Lilju fyrir dómi kom fram að hún hefði engan þátt átt í þessum brotum. Meðákærði Einar Þór hafi játað brotin og hafi jafnframt komið fram í skýrslum hans hjá lögreglu að hún hefði ekki tekið þátt í þessu. Hún kvaðst ekki hafa vitað að þetta væri stolinn bíll, Einar Þór hafi komið á bílnum og tekið hana uppí. Hún hafnaði því alfarið að það hafi verið hún sem setið hafi í bifreiðinni við hlið Einars Þórs þegar bifreiðin hafi verið tekin. Það hafi verið önnur stelpa með þeim sem komið hafi „upp í Kringlu“. Þá hafnaði hún því einnig að það hafi verið hún sem hafi verið að skipta um númer á bifreiðinni með ákærða Einari Þór í bílastæðahúsi Kringlunnar. Aðspurð um það hvar hún hafi farið upp í bifreiðina kvaðst hún hafa gert það á horni Bergþórugötu og Barónsstígs.

K gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvað eiginmann sinn vera skráðan fyrir bifreið þeirri sem tekin hafi verið. Atvik hafi verið með þeim hætti að þau hafi verið að bera vörur inn úr bifreiðinni sem hafi staðið í stæði við [...]. Bíllinn hafi verið í gangi og hún og sonur hennar hafi verið að bera matarpoka fyrir vinkonu hennar upp að húsdyrum hjá henni. Hún sjái þegar þar setjist inn í bílinn og byrji að bakka, líklega til að aka á bílnum í burtu. Hún kvaðst hafa farið út á götu og fyrir framan bílinn til að stöðva hann sem ekki hafi tekist. Hún hafi náð að hoppa til hægri frá bílnum og hafi fengið spegilinn í

handlegginn þegar bifreiðinni hafi verið ekið framhjá henni. Hún hafi næstum því hoppað fyrir annan bíl. Kvaðst hún þá hafa haldið á lögreglustöð til að kæra atvikið. Lögregla hafi getað rakið bifreiðina í gegn um tölvuna hennar. Bifreiðin hafi fundist stuttu síðar í efri bílakjallara hjá Kringlunni og það hafi verið búið að skipta um bílnúmer. Aðspurð um hvort ákærðu hafi verið bæði í bílnum þegar honum var ekið brott kvað hún svo hafa verið. Karlmaðurinn hafi ekið og stúlkan hafi setið í farþegasæti fram í. Lögregla hafi svo náð þeim báðum í bílakjallaranum þar sem bifreiðin fannst. Aðspurð um hvort hún gæti lýst ákærðu kvað hún að hún hafi verið grönn með sítt ljós skollitað hár. Hún hafi séð ákærðu þegar hún hafi setið í bílnum við [...] og síðan aftur þegar bíllinn hafi fundist við Kringluna.

Lögreglumaður nr. L gaf skýrslu fyrir dómi en hann ritaði frumskýrslu. Hann kom ekki að upphafi málsins en var á vettvangi þegar bifreiðin fannst á bifreiðastæði við Kringluna. Hann kvað að leitað hefði verið í tösku ákærðu Hólmsfríðar og þar hafi fundist munir sem saknað var úr bifreiðinni. Ákærðu hafi verið nokkuð hrein og bein þarna. Fyrst hafi þau ekki kannast við bílinn en síðan hafi þau verið til samvinnu um að framvísa munum sem verið hafi í bílnum og hafi viðurkennt brot sitt.

Lögreglumaður nr. M gaf skýrslu fyrir dómi en hann var annar tveggja lögreglumanna sem fundu umrædda bifreið í bílastæðahúsi við Kringluna. Hann kvaðst hafa ásamt félaganum sínum farið í öryggisherbergi í Kringlunni og skoðað upptökur úr eftirlitsmyndavélum. Þar hafi sést þegar ákærðu hafi skipt um bílnúmer.

Niðurstaða dómsins um ákæru nr. 5:

Ákærði Einar Þór játar sök en kveðst hafa verið einn að verki í umrætt sinn.

Ákærða Hólmsfríður neitar sök. Í málinu liggur fyrir framburður umráðamanns bifreiðarinnar um að hún hafi séð ákærðu Hólmsfríði Lilju setjast upp í bifreiðina ásamt ákærða Einari Þór og hann hafi síðan ekið bifreiðinni á brott. Þá bar umráðamaðurinn um að þegar hún hafi komið til að sækja bifreiðina í bílastæðahús Kringlunnar þá hafi hún þekkt ákærðu bæði, sem þar hafi verið ásamt lögreglu, sem þau tvö sem ekið hafi brott á bifreiðinni. Þá kemur einnig fram í framburði lögreglumanna sem voru þar á vettvangi að ákærða Hólmsfríður Lilja hafi skilað nánar tilgreindum hlutum sem hún hefði fjarlæggt úr bifreiðinni. Einnig liggur fyrir framburður lögreglumanna á vettvangi um að þeir hafi skoðað myndefni sem sýni tvo einstaklinga vera að skipta um bílnúmer á bifreiðinni og að þetta hafi verið sömu einstaklingar og þeir höfðu síðan afskipti af við bifreiðina. Fyrir liggur að hér er átt við ákærðu bæði. Af framangreindu telst að mati

dómsins sannað að ákærðu hafi bæði staðið að því að taka bifreiðina ófrjálstri hendi og taka númer af annarri bifreið og setja á hana. Verður ákærða Hólmfríður Lilja því einnig sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Einar Þór hefur skýlaust játað sök samkvæmt framangreindri ákæru og er játning hans í samræmi við rannsóknargögn, utan það að hann kvaðst hafa verið einn að verki. Með vísan til niðurstöðu dómsins um sekt meðákærðu verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru og að hafa framið verknaðinn sameiginlega með ákærðu Hólmfríði Lilju. Háttsemin er réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

6

Ákæra 13. október 2023 á hendur Hólmfríði Lilju „fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot með því að hafa föstudagsmorguninn 12. ágúst 2022, tekið bifreiðina [...] án heimildar fyrir utan Radisson Blue hótelið að Pósthússtræti 2 í Reykjavík og ekið henni í heimildarleysi og ófær um að aka bifreiðinni örugglega vegna töku ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóðsýni úr ákærðu mældist amfetamín 35 ng/ml., metýlfenidat 17 ng/ml., tetrahýdrókannabínól 1,3 ng/ml, alprazolam 8,1 ng/ml., klónazepam 7,3 ng/ml. og pregabalin 16 µg/ml.) frá hótelinu að Sjóminjasafninu við Grandagarð 8 í Reykjavík og síðan síðar um daginn frá Sjóminjasafninu og um götur í Reykjavík meðal annars um Barónsstíg, uns lögreglan stöðvaði akstur hennar á Sæbraut við Frakkastíg .

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með síðari breytingum og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði svipt ökurétti samkvæmt 99. gr. og. 101. gr. nefndra umferðarlaga.“

Ákærða neitar sök varðandi nytjastuld en játar sök varðandi akstur undir áhrifum fíkniefna og lyfja. Hún krefst vægustu refsingar sem lög leyfa um þau sakaratriði sem hún játar en sýknu varðandi önnur. Þá krefst hún þess að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

Málsatvik eru þau að ökumaður ofangreindrar bifreiðar kallaði til lögreglu þar sem kona, sem hafi verið að hjálpa henni að bakka bifreiðinni í stæði, hafi ekið bifreiðinni

á brott. Samkvæmt lögregluskýrslum kom lögregla á staðinn og tók þar framburð ökumannsins. Leitað var að bifreiðinni og fannst hún á nánar tilteknu bifreiðastæði við sjóminjasafnið við Granda. Bifreiðin var læst og í ljós kom að fyrrnefndur ökumaður hafði ekki aukalykla að bifreiðinni og var henni leiðbeint um að kalla til dráttarbíl og láta fjarlægja bifreiðina. Síðar sama dag varð lögregla vör við að bifreiðin var horfin af bílastæðinu og einnig bárust upplýsingar um að sést hefði til bifreiðarinnar í akstri og talið að aksturslag gæfi tilefni til afskipta lögreglu. Bifreiðin var þá stöðvuð og reyndist ákærða undir stýri. Talið var að hún væri undir einhverskonar vímuáhrifum og var hún færð á lögreglustöð og tekið blóðsýni. Í málinu liggur fyrir matsgerð þar sem fram kemur að ákærða hafi mælst með þau efni í blóðinu sem tiltekin eru í ákæru. Hefur ákærða játað sök að þessu leyti. Í lögregluskýrslu kemur fram að ákærða hafi lýst því að kannast ekki við að hafa tekið bifreiðina við umrætt hótél. Hún hefði á hinn bóginn ekið bifreiðinni frá bifreiðastæðinu við Granda en nafngreindur maður sem hún þekki hafi þar látið hana hafi bíllyklana að þessari bifreið. Hún hafi verið að aka bifreiðinni þaðan og hafi verið óvitandi um að bifreiðin hefði verið tekin ófrjálsir hendi.

Við rannsókn málsins var ekki tekin skýrsla af eiganda umræddrar bifreiðar og ekki var heldur tekin skýrsla af, N, konunni sem ók bifreiðinni og tilkynnti um stuld hennar, utan það sem haft var eftir henni á vettvangi. Ekki reyndist unnt að hafa upp á ökumanninum til að gefa skýrslu fyrir dómi.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærða neita að hafa tekið umrædda bifreið í leyfisleysi. Kvað hún konuna sem verið hafi á bifreiðinni hafa lánað sér hana til að fara í banka, en konan hafi verið fyrrum vinnufélagi ákærðu á hóteli í Stykkishólmi. Konan hafi beðið hana um að bakka fyrir sig í stæði og síðan kvaðst ákærða hafa spurt hana hvort hún mætti fá bílinn lánaðan til að skreppa í banka og konan hafi fallist á það. Ákærða kvaðst á hinn bóginn ekki hafa skilað bílnum á réttum tíma og þess vegna hafi konan kært hana fyrir að stela bílnum. Hún hafi síðan verið tekin undir áhrifum við akstur á bifreiðinni síðar. Aðspurð um hvað konan hétí kvað ákærða að hún hétí útlensku nafni, Jessica eða Sara, en hún myndi það ekki alveg. Ákærða kvaðst hafa átt að leggja bílnum við hótelið og fara með lyklana í „lobbýið“ þegar hún skilaði honum.

Lögreglumaður nr. O gaf skýrslu fyrir dómi, en hann ritaði frumskýrslu lögreglu. Hann staðfesti skýrsluna og að efni hennar væri rétt. Hann kvaðst hafa rætt við konuna sem hafi verið með viðkomandi bifreið í umráðum og hún hafi lýst því svo að hún hefði verið í vandræðum með að bakka í stæði og það hafi verið kona sem boðist hafi til að

bakka í stæði fyrir hana, en síðan hafi konan ekið á brott. Þá var borið undir hann að fram komi í skýrslu að konan sem hafi haft umráð bifreiðarinnar hafi ekki verið eigandi hennar og spurt hvort rætt hefði verið við eigandann. Hann kvaðst ekki minnst þess, en það kynni að koma fram í skýrslum þeirra lögreglumanna sem komið hafi að málinu síðar.

Niðurstaða dómsins varðandi ákæru 6:

Í málinu viðurkennir ákærða sök varðandi akstur undir áhrifum lyfja er hún var stöðvuð við akstur þeirra bifreiðar sem tilgreind er í ákæru. Í lögregluskýrslu er haft eftir henni að hún hafni því að hafa tekið bifreiðina ófrjálsri hendi en kveður nafngreindan vin sinn hafa látið sig hafa lyklana og hún hafi talið að sá maður hefði rétt til umráða hennar. Fyrir dómi lýsti hún á hinn bóginn því hvernig hún hefði hjálpað konunni, sem hún kvaðst þekkja sem fyrrum vinnufélagi, að bakka í stæði. Konan hafi síðan lánað henni bílinn. Hún hafi síðan verið lengur með bílinn en um hafi verið rætt og þess vegna hafi konan kært hana. Framburður ákærðu fyrir dómi er því í algeru ósamræmi við það sem haft var eftir henni við skýrslugjöf hjá lögreglu. Þó fallast megi á með ákærðu að rannsókn málsins hafi ef til vill ekki verið eins nákvæm og skyldi, er það mat dómsins að frásögn ákærðu fyrir dómi feli í raun í sér játningu á því að hafa tekið umrædda bifreið án heimildar. Kemur enda fram hjá ákærðu að hún hafi átt að fá bifreiðina til að skjóttast í banka. Bifreiðin var á hinn bóginn enn í hennar notum daginn eftir er lögregla stöðvaði akstur hennar. Þegar framangreint er virt í samhengi er það mat dómsins að skýringar þær sem ákærða gaf fyrir dómi um að hafa fengið bifreiðina að láni séu ótrúverðugar. Þegar af framangreindum ástæðum verður ákærða einnig sakfelld fyrir nytjastuld. Ákærða telst því hafa viðhaft þá háttsemi sem tilgreind er í ákæru og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

7

Ákæra 13. október 2023 á hendur Hólmfríði Lilju „fyrir líkamsárás og tilraun til þjófnaðar, með því að hafa föstudaginn 12. ágúst 2022, í versluninni Krónunni, Fiskislóð 15, Reykjavík, reynt að stela mat- og snyrtivörum úr versluninni, samtals að verðmæti 39.214 krónur og slegið starfsmann verslunarinnar P, kt. [...], eitt hnefahögg í andlitið, þegar starfsmaðurinn hafði afskipti af ákærðu þar sem hún var að reyna að laumast með vörurnar út um neyðarútgang í versluninni. Afleiðingar þessa fyrir brotþola var að hún hlaut mar undir hægra auga og eymsli á kinnholu vinstra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.“

Í málinu gerir P, kt. [...], [...], [...] bótakröfu á hendur ákærðu að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 12. ágúst 2022, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 24. nóvember 2023 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Ákærða krefst sýknu af refsikröfu vegna líkamsárásar, en vægustu refsingar sem lög leyfa vegna þeirra saka sem hún viðurkennir. Hún krefst þess að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þar með talin málsvarnarlaun verjanda. Þá krefst hún aðallega frávísunar bótakröfu, til vara sýknu en að því frágengnu að krafan verði lækkuð.

Ákærða viðurkennir að hafa reynt að stela vörum úr versluninni en neitar að hafa slegið brotþola og hafnar bótakröfu.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærða ekki hafa verið á góðum stað í lífinu þarna og hafi ætlað að fara inn í búðina til að stela sér til matar. Hún hafi tekið eftir því að fylgst hafi verið með henni. Hún kvaðst viðurkenna þjófnaðinn fúslega en hún hafi farið út bakdyra megin og hafi sleppt vörunum frá sér. Þá hafi komið kona á eftir henni og hafi byrjað á því að rífa í hárið á henni. Kvað ákærða að fyrsta viðbragð hennar hafi verið að slá hendinni frá sér og kvaðst hún ekki vita hvort hún hafi hugsanlega slegið konuna utanundir óvart en það hafi þá ekki verið fast og ekki með krepptum hnefa. Þetta hafi ekki verið planað og hafi verið viðbragð við því að togað hefði verið í hárið á henni. Konan hafi komið aftan að ákærðu og hafi rifið fast í hárið á henni og hún hafi ýtt konunni frá sér og það hafi þá líklega lent í andlitið á henni. Hún kvaðst ekki hafa verið með vörurnar þar sem hún hafi sett pokana frá sér áður en hún hafi farið út úr búðinni. Hún kvaðst ekki skilja af hverju starfsmenn hafi hlaupið á eftir henni þar sem hún hafi ekki farið með vörurnar út úr búðinni.

Brotþoli, P gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hún hafa verið á umræddum stað og tíma að sinna vinnu sinni í verslun Krónunnar. Annar starfsmaður hafi komið til hennar og sagt henni að það væri kona í búðinni sem væri að ganga um og setja vörur beint í poka. Hjá þeim sé hægt að „skanna og skunda“ en þá sé hægt að setja vörur beint í pokann, en þessi kona hafi ekki verið að nota þá aðferð. Þau hafi nálgast konuna en hún hafi farið út úr versluninni um neyðarhurð og hafi farið með pokann með vörunum með sér. Hún kvað að hún og vakstjóri verslunarinnar hafi elt konuna út úr búðinni til að

stöðva hana og taka af henni vörurnar sem hún hafi verið að reyna að stela. Þetta hafi verið á bifreiðastæði fyrir utan verslunina og ákærða hafi farið á milli bíla og þau hafi reynt að stoppa hana. Ákærða hafi ekki viljað skila vörunum og ekki bíða eftir lögreglunni. Vakstjórinn tók pokann af henni og P hafi reynt að stoppa hana. Ákærða hafi sett höndina aftur fyrir sig og P hafi fengið höndina í andlitið. Höggið hafi komið í höfuðið, fyrir neðan auga, hægra megin á andliti. Hún hafi fengið glóðarauga og bólgu í andlit. Hún taldi aðspurð að það hafi tekið um þrjár vikur fyrir hana að jafna sig af meiðslunum. Hún kvaðst hafi farið á heilsugæslu strax eftir atvikið, en hafi ekki þurft að leita sér frekari læknaaðstoðar vegna þessara meiðsla. Hún kvaðst einnig hafa sótt nokkra sálfræðitíma vegna atviksins. Nánar aðspurð um hvernig hún hafi reynt að stoppa ákærðu kvað hún að vakstjórinn hafi reynt að ná pokanum af ákærðu en hún hafi reynt að stoppa hana. Staðfesti hún að þegar hún hafi reynt að stoppa ákærðu þá hafi hún gripið í framhandlegg hennar. Kvað hún ákærðu ekki hafa verið með pokann þegar hún hafi gripið í hana. Vakstjórinn hafi verið með pokann. Hún kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hún hafi sagt við ákærðu en hún og vakstjórinn hafi sagt við hana að hún ætti að stoppa og að búið væri að hringja á lögregluna. Ákærða hafi losað höndina og hafi kýlt hana í andlitið. Hún hafi staðið fyrir aftan ákærðu þegar þetta hafi átt sér stað.

Q gaf skýrslu fyrir dómi, en hann var vaktstjóri í verslun Krónunnar á umræddum tíma. Lýsti hann því svo að hann og brotaþoli hafi reynt að stoppa ákærðu eftir að hún hafði farið út um neyðarútgang með poka fulla af vörum. Ákærða hafi verið verulega ósátt við að þau væru að reyna að biðja hana um pokana en svo hafi endað með því að ákærða hafi kýlt P í andlitið. Þau hafi verið að biðja ákærðu um pokana þegar ákærða hafi slegið P. Ákærða hafi sleppt einum pokanum og hafi slegið brotaþola. Svo hafi ákærða labbað í burtu blótandi og hafi greinilega verið undir einhverjum áhrifum. Beðinn um að lýsa ákærðu kvað Q með „tattú“ í andlitinu og rauðbrúnt hár, en hann mundi ekki hvernig hún hefði verið klædd. Hún hafi verið lítil og nett og með „drekatattú“ í andlitinu. Hann kvað brotaþola hafi fengið glóðarauga og að hún hafi orðið bólgin strax. Vörurnar sem ákærða hefði reynt að stela hafi verið blanda af ýmsum matvörum að heildarverðmæti yfir 15.000 krónur að því er hann minnti. Aðspurður kvað hann að hann og brotaþoli hafi reynt að stoppa ákærðu eftir að hún hafi verið komin út um neyðarútgang á bílaplan. Aðspurður um hvar hann hafi staðið þegar brotaþoli hafi fengið höggið kvaðst hann hafa staðið beint fyrir framan ákærðu þegar hún hafi slegið. Brotaþoli hafi staðið við hliðina á honum, beint fyrir framan ákærðu. Ákærða hafi horft á hann og

hafi svo kýlt brotaþola. Hún hafi verið búin að sleppa allavega einum poka þegar hún hafi slegið. Hann minnti að ákærða hafi sleppt poka sem hún hafi haldið á í vinstri hendi en hann muni það ekki alveg, enda sé það daglegt brauð í versluninni að fást við svona verkefni. Aðspurður um tilgang afskipta þeirra kvað hann að tilgangur þeirra hafi verið að ná vörunum til baka en ekki að halda ákærðu þar til lögregla kæmi. Enda hafi ákærða bara labbað í burtu blótandi eftir að hafa sleppt pokunum og kýlt brotaþola.

Vitnið R gaf skýrslu fyrir dómi en hann var verslunarstjóri verslunarinnar á umræddum tíma. Hann kvað langt um liðið frá því þessi atburður gerðist en hann hefði verið í starfi þá. Hann kvaðst ekki beint hafa verið vitni en hann viti hvað hafi gerst. Hann kvaðst hafa farið yfir myndir úr myndavélakerfi en engar myndavélar sem hann hafi aðgang að sýni bílaplan fyrir utan verslunina.

S læknir gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti læknisvottorð sitt sem liggur fyrir í málinu. Áverkalýsing í ákæru er í samræmi við vottorðið.

Niðurstæða dómsins varðandi ákæru 7:

Eins og fyrr greinir gengst ákærða við því að hafa reynt að stela vörum úr viðkomandi verslun. Óumdeilt er að starfsmenn verslunarinnar endurheimtu vörunar og í samræmi við það er ákærðu gefin að sök tilraun til þjófnaðar. Með játningu ákærðu sem fær stoð í rannsóknargögnum, auk framburða vitna, verður hún sakfelld fyrir tilraun til þjófnaðar. Á hinn bóginn neitar ákærða að hafa ætlað að slá brotaþola. Hún viðurkennir á hinn bóginn að hafa slegið hendinni aftur fyrir sig þegar brotaþoli hafi elt hana, er hún hafi verið komin út úr versluninni og tekið í hárið á henni til að stoppa hana. Þetta högg taldi hún að gæti hafa lent í brotaþola. Hún kvað þetta hafa verið algerlega óþarft af hálfu brotaþola og samstarfsmanns hennar þar sem hún hefði verið búin að láta frá sér vörunar. Á móti þessum framburði ákærðu stendur framburður beggja þeirra starfsmanna sem eltu ákærðu út úr búðinni. Bera brotaþoli og samstarfsmaður hennar að ákærða hafi ekki sleppt vörunum fyrr en þau hafi náð til hennar fyrir utan verslunina. Þá báru þau bæði að tilgangur þeirra hafi verið að ná af ákærðu vörum sem hún hafi enn verið með. Bar brotaþoli að ákærða hefði slengt hendi sinni aftur fyrir sig og höggið hafi lent í andliti hennar. Hún kvað höggið hafa verið með krepptum hnefa. Samstarfsmaður brotaþola kvað ákærðu hafa slegið brotaþola með krepptum hnefa beint í andlitið. Með hliðsjón af framangreindum framburðum sem nánar eru raktir hér að framan er að mati dómsins sannað, gegn neitun ákærðu, að ákærða sló brotaþola í andlitið með krepptum hnefa eins

og lýst er í ákæru. Ekki er unnt að fallast á þá skýringu ákærðu að högg hennar hafi verið ósjálfráð viðbrögð við því að brotþoli hafi rifið í hár hennar, enda ákærða ein um að lýsa slíku athæfi brotþola. Þá telst sannað með læknisvottorði að árásin hafi haft þær afleiðingar sem lýst er í ákæru. Sú háttsemi sem ákærða er hér sakfelld fyrir er réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Eins og nánar greinir hér að framan krefst brotþoli miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi ákærðu. Með broti sínu hefur ákærða bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart brotþola. Þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 250.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

8

Ákæra 13. október 2023 á hendur Hólmfríði Lilju „fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot:

I. (007-2022-42747)

Með því að hafa laugardaginn 6. ágúst 2022, stolið áfengi af tegundinni Opal vodkaskot úr versluninni Vínbúðin að Kalmannsvöllum 1 á Akranesi, en verðmæti þýfisins var 6.580 krónur.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. (313-2022-16964)

Með því að hafa sama dag stolið vörum og fatnaði (tveimur hettupeysum, buxum, íþróttatösku, hárspreyi, eyrnahlífum og skrifblokk) úr versluninni Dótarí, að Smiðjuvöllum 32 á Akranesi, en verðmæti þýfisins var um 30.000 krónur.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. (007-2022-42747)

Með því að hafa miðvikudaginn 10 ágúst 2022, stolið handsnyrtitösku, polaroid myndavél og hártægjum úr verslunni [svo] Nomad, Frakkastíg 8 í Reykjavík, en verðmæti þýfisins var 56.92 krónur.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, kt. 410169-4369, Stuðlahálsi 2, Reykjavík gerir bótakröfu á hendur ákærðu að fjárhæð 6.850 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 6. ágúst 2022 til 29. september 2022,

eftir það er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Að auki er krafist lögmanskostnaðar að mati dómsins, eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, sem áskilinn er réttur til að leggja fram síðar.

Ákærða játar sök í öllum ákæruliðum en kveðst vera búin að greiða bætur og hafnar því bótakröfu.

Niðurstaða dómsins varðandi ákæru 8:

Ákærða hefur skýlaust játað sök vegna ofangreindrar ákæru og fær játning hennar stoð í gögnum málsins. Verður hún því sakfelld fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar rétt heimfærð til refsíákvæðis.

Þá verður tekin til greina bótakrafa Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að fjárhæð 6.850 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 6. ágúst 2022 til 24. nóvember 2023 og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags

9

Ákæra 13. október 2023 á hendur Einari Þór „fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í eftirtöldum verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á Akureyri, Akranesi og Reykjavík á eftirgreindum tíma.

1. Að hafa laugardaginn 28. maí 2022, stolið áfengisflösku af tegundinni Hot n'Sweet úr versluninni Vínbúðin, Hólabraut 16, Akureyri, en verðmæti þýfisins var 4.499 krónur.

2. Að hafa þriðjudaginn 12. júlí 2022, stolið tveimur áfengisflöskum af sömu tegund og að ofan greinir úr versluninni Vínbúðin, Kalmannsvöllum 1, Akranesi, en verðmæti þýfisins var 8.998 krónur.

3. Að hafa föstudaginn 29. júlí 2022, stolið áfengisflösku af sömu tegund og ofan greinir úr versluninni Vínbúðin, Kringlunni 4-12, Reykjavík, en verðmæti þýfisins var þar 4.499 krónur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í málinu gerir Áfengis – og tóbaksverslun ríkisins, kt. 410169-4369, Stuðlahálsi 2, Reykjavík eftirtaldar bótakröfur á hendur ákærða:

1. 4.499 krónur, með vöxtum frá 28. maí 2022, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludag.

2. 8.998 krónur, með vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 12. júlí 2022 til 29. september 2022. Eftir það er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

3. 4.499 krónur, með samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 29. júlí 2022 til 29. september 2022. Eftir það er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Að auki er í öllum bótakröfunum krafist lögmannskostnaðar að mati dómsins, eða samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem áskilinn er réttur til að leggja fram síðar.

Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda hans. Ákærði krefst aðallega frávísunar bótakröfu en til vara sýknu.

Málsatvik eru þau að áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sendi lögreglu þrjár skriflegar kærur ásamt bótakröfum. Með kærunum fylgdi myndefni sem sýnir hinn grunaða og hina ætluðu refsiverðu háttsemi hans, sem átti að hafa falist í að taka áfengisflöskur úr þremur vínbúðum án þess að greiða fyrir þær. Rannsókn lögreglu virðist einkum hafa farið fram með þeim hætti að málin voru stofnuð hvert fyrir sig en skýrsla sem tekin var af ákærða vegna málanna var framkvæmd hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og var stýrt af lögreglumanni nr. T. Voru kærurnar þrjár bornar undir ákærða og tekin af honum skýrsla 10. nóvember 2022. Umræddur lögreglumaður staðfesti ásamt öðrum lögreglumanni að myndir sem fylgdu kærinni væru af ákærða, en lögreglumennirnir hafi oft haft afskipti af honum áður.

Lögreglumaður nr. T gaf skýrslu fyrir dómi. Hann staðfesti skýrslur sem hann hefði gert um ofangreind atvik og að hafa skoðað myndir úr eftirlitsmyndavélum umræddra áfengisverslana og hafa þar þekkt ákærða, enda hefði hann oft haft afskipti af honum áður. Staðfesti hann að sá maður sem sæist á myndum væri ákærði. Ákærði hefði hins vegar neitað sök við skýrslugjöf og sagt að maðurinn sem sæist á myndböndunum væri ekki hann, en taldi hann vera líkan sér.

Niðurstaða dómsins varðandi ákæru 9:

Rannsóknargögn þessa máls eru fátækleg. Er í fyrsta lagi um að ræða þrjár skriflegar kærur brotþola og með hverri kæru fylgir blað sem sýnir kyrrmyndir af ákærða í viðkomandi verslun og eru sagðar sýna ákærða í þremur heimsóknum í mismunandi Vínbúðir stinga inn á sig áfengisflösku/m af tilgreindri tegund og verðmæti. Sýna gögnin kyrrmyndir sem teknar hafa verið úr öryggismyndavélum í verslunum Vínbúðarinnar. Þá er í öllum tilvikum fullyrt að ákærði hafi gengið út úr búðunum án þess að greiða fyrir það áfengi sem hann hafi stungið inn á sig. Engin þeirra mynda sem liggja fyrir í málinu sýna ákærða yfirgefa verslunina.

Að mati dómsins nægja fyrirbyggjandi sönnunargögn ekki, gegn neitun ákærða, til að sanna að hann hafi á umræddum stöðum og tíma gengið út úr viðkomandi verslunum án þess að greiða fyrir það áfengi sem honum er gefið að sök að hafa stolið. Myndir sem liggja fyrir sýna ákærða og má af þeim sjá að ákærði stingur í vasa sinn, eða inná jakka sinn áfengisflöskum. Engar myndanna sýna ákærða yfirgefa verslunina án þess að greiða fyrir þessar vörur. Telst því sök hans ósönnuð. Verður ákærði þegar af þeim ástæðum sýknaður.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir að bótakröfu áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verður vísað frá dómi.

10.

Ákæra 13. október 2023 á hendur Einari Þór „fyrir brot á ávana- og fíkniefnalögum með því að hafa þriðjudaginn 11. apríl 2023, verið með í vörslum sínum samtals 7,20 grömm af amfetamíni, en lögreglan fann efnin í vörslum ákærða í vasa á fatnaði hans og á þáverandi dvalarstað hans að [...] á Akureyri.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14 gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á fíkniefnum sem lögreglan lagði hald á og tilgreind eru í efnaskrá nr. 51.268 og 51.269, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

Málavextir eru þeir að 11. apríl 2023 gerði lögregla húsleit á heimili ákærða með hans samþykki.

Lögreglumaður nr. U gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst muna eftir þessu máli og að hann hefði verið við húsleit heima hjá ákærða. Á þeim tíma sem húsleitinn fór fram hafi þeir ekki vitað til þess að aðrir byggju í íbúðinni, en síðar hafi vaknað grunur um að annar einstaklingur hafi búið þar einnig. Fíkniefnin sem haldlögð hafi verið hafi fundist á ákærða og inni í íbúðinni. Fíkniefnin hafi verið mjög sýnileg í íbúðinni, auk muna sem taldir voru ætlaðir til fíkniefnaneyslu. Ákærði hafi verið spurður um eignarhald á umræddum fíkniefnum og hann hafi sagst vera með þau til eigin nota.

Lögreglumaður nr. F gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafi tekið þátt í húsleit heima hjá ákærða. Hann staðfesti að ákærði hefði verið með fíkniefnin á sér sem haldlögð voru.

Niðurstaða varðandi ákæru 10.

Í málinu liggja fyrir efnaskýrslur þar sem fram kemur að lögregla hafi fundið amfetamín í vasa ákærða, 0,41 gramm og á borðum í eldhúsi og í borðstofu á heimili hans hafi fundist samtals 6,79 grömm af sama efni, eða samtals 7,2 grömm. Er þetta í samræmi við ákæru. Með framangreindum skýrslum lögreglu sem og með framburði tveggja lögreglumanna er sannað í málinu að ákærði hafi á umræddum tíma haft á heimili sínu og í buxnavasa vörslur þeirra ólöglegu fíkniefna sem vísað er til í ákæru. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir þá háttsemi sem þar er greind og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Þá er og fallist á upptöku á því amfetamíni sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins og eru lagaheimildir fyrir upptökukröfu ákæruvalds réttilega greindar í ákæru.

11.

Ákæra 23. október 2023 á hendur Hólmfríði Lilju „fyrir líkamsárás, með því að hafa föstudagskvöldið 23. desember 2022, í anddyri og stigagangi fjölbýlishússins að [...] á Akureyri, ráðist með ofbeldi að V, kt. [...], rífið í hár hennar og dregið hana niður í gólfið á hárinu, sparkað í líkama hennar, sett annað hné sitt á líkama brotaþola sem lá á gólfinu, bitið hana í brjóstakassa og lamið höfði brotaþola í flísarnar í anddyrinu. Afleiðingar þessa fyrir brotaþola var að hún hlaut aumar fyrirferðir í hársverðinum, eymsli í aftanverðum hálsinum, bitsár undir hægra brjósti, mar aftanvert á framhandlegg

vinstra megin og tvo staka marbletti framanvert á sama handlegg, roða og bólgu ofan við hægri þumal, mar framanvert og miðlægt á vinstra læri og þrjá marbletti neðan við hægri hnéskel.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.“

Í málinu gerir V, kt. [...], [...], [...]bótakröfu á hendur ákærðu að fjárhæð 2.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1 málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 23. desember 2022, til 24. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Ákærða neitar sök og krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög heimila. Þá krefst hún þess að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin þóknun verjanda. Hún krefst frávísunar á bótakröfu, eða sýknu, en til vara að bótakrafan sæti lækkun.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að ákærða og Einar Þór Gunnarsson voru sambýlisfólk. Á þeim tíma sem hér ræðir hafði Einar Þór dvalið nokkra daga á heimili brotþola, vitnisins V. Íbúð brotþola er í fjölbýlishúsi. Fram kemur að ákærða hafði komið að húsinu nokkrum sinnum til að ná sambandi við Einar Þór. Kvað ákærða sjálf að hún hafi viljað fá lykla af bifreið sinni sem hún hafi talið að Einar Þór væri með, en bifreiðin hafi staðið í bifreiðastæði fyrir utan fjölbýlishús þar sem brotþoli hafi búið. Brotþoli lýsti því að ákærða hefði komið nokkrum sinnum að heimili hennar og verið með háreisti fyrir utan húsið, reynt að komast inn í stigagang hússins og hafi einu sinni tekist það. Hafi ákærða komist að íbúð brotþola og sparkað í útihurð íbúðarinnar og brotþoli hafi hleypt henni inn þar sem hún hafi óttast að hurðin myndi gefa sig. Í málinu liggja fyrir þrjú myndskreið sem brotþoli afhenti lögreglu sem sýna samskipti hennar við ákærðu. Er um að ræða ein samskipti þar sem ákærða kemur að dyrum íbúðar brotþola og síðan inn í íbúðina en hverfur síðan á braut. Þá eru tvö myndskreið sem sýna samskipti ákærðu og brotþola í gegn um gler á læstri hurð milli anddyris og stigagangs fjölbýlishússins. Þessi myndskreið sýna ákærðu freista þess að komast inn en brotþola reyna að fá ákærðu til að yfirgefa húsið eða íbúðina. Undir miðnætti 23. desember 2022 kom ákærða að heimili brotþola. Kom hún á leigubíl, sem ekið var af vitninu X. Tveir aðrir voru ásamt ákærðu í bifreiðinni, vitnið Y og vitnið Z. Ber vitnum saman um að

ákærða hafi verið með háreisti fyrir utan húsið. Vitnið Y kvað ákærðu hafa verið með poka af fötum sem hún hafi ætlað að koma til Einars Þórs. Brotapoli kvaðst hafa verið heima, ásamt Einari Þór, og hafi heyrt í ákærðu fyrir utan. Brotapoli kvaðst hafa farið út á svalir og kallað til ákærðu um að fara en án árangurs. Kvaðst brotapolí hafa farið niður stigaganginn að læstri hurð fram í forstofu. Ákærða hafi verið í forstofunni og viljað komast inn. Eitt þeirra myndskaiða sem brotapolí afhenti lögreglu sýnir samskipti þeirra meðan ákærða var í forstofunni en brotapolí innan við læstar dyr stigagangsins. Þau samskipti bera með sér að ákærða hafi verið að reyna að komast inn á stigaganginn en brotapolí að reyna að koma í veg fyrir að henni tækist það. Þá má sjá ákærðu henda poka af fatnaði inn í anddyrið þannig að föt dreifast um gólfið og sést andlit vitnisins Y í gegnum gler útihurðar þegar þetta á sér stað. Framangreint myndskaið sýnir ekki þá líkamsárás sem hér er um fjallað. Brotapolí kveður ákærðu hafa komist inn fyrir dyrnar og hafa ráðist á sig og dregið sig fram í anddyrið. Ákærða ber á hinn bóginn að brotapolí hafi verið að egna sig þegar þær hafi átt samskipti í gegn um læsta hurðina og hafi síðan komið fram í anddyrið og ráðist á hana og rífið í hár hennar. Átök þau sem um er deilt í málinu áttu sér stað í umræddum anddyri og bárust síðan út á bifreiðastæði fyrir framan fjölbýlishúsið. Lauk átökunum með því að brotapolí lagðist í jörðina. Lögregla kom í sama bili á vettvang og var ákærða handtekin og færð í fangaklefa. Brotapolí fór á sjúkrahús til aðhlyningar. Nánari lýsing ákærðu og vitna á atvikum kemur fram í skýrslum þeim sem raktar eru hér í framhaldi.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað ákærða Hólmfríður Lilja að hún kannist við umræddan atburð og hann hafi haft nokkurn aðdraganda. Kvaðst hún hafa verið í nokkuð stormasömu sambandi við meðákærða Einar Þór. Þarna hafi ákærða verið á Akureyri og Einar Þór hafi verið búinn að taka bifreið hennar, en hann hafi dvalið heima hjá brotapolá öll jólin. Kvaðst ákærða hafa verið búin að fara tvisvar sinnum að heimili brotapolá af því að hún hafi viljað fá bílinn sinn. Kvaðst hún hafa talið að Einar Þór væri með lykla af bifreiðinni. Hún hafi verið „nýbúin“ að vera edrú, en hún hafi farið í meðferð í ágúst sama ár. Hún hafi „ekki verið að nenna þessu bulli og kjaftæði“ en þau hafi bara verið með stæla við hana, Einar Þór og brotapolí. Hafi sagt henni að þau vissu ekkert um hvað málið snerist, en samt hafi bíllinn hennar verið þarna fyrir utan. Hún hafi líka verið búin að biðja lögregluna að hjálpa sér, en án árangurs. Eitt kvöldið hafi hún farið þarna með Z og Y til að sækja lyklana og þá hafi brotapolí komið niður og hafi byrjað að „glenna sig“ og hafi farið að sýna á sér brjóstin, eins og hún eiga að vera eitthvað geðveikt

afbrýðisöm af því maðurinn hennar væri með svo heitri gellu. Svo hafi brotaþoli opnað hurðina og ráðist á sig. Þær hafi bara verið að slást þarna niðri en ákærða kvaðst bara ekki hafa gengið svo langt að fara að væla upp á sjúkrahúsi. Ákærða orðaði þetta svo að átök hennar og brotaþola hafi verið nokkurs konar „bitch fight“. Þá kvað ákærða að brotaþoli sé ekki það fórnarlamb í lífinu að ákærða hafi tekið hana og stútað henni bláedrú. Aðspurð kannaðist ákærða við að hafa rifið í hár brotaþola, en hafnaði því að hafa sparkað í hana. Þær hafi verið með tak á hári hvor annarrar og hafi verið að slást eins og stelpur sláist. Hún kvaðst ekki muna eftir því að hafa sett hné í líkaman brotaþola og neitaði því að hafa bitið hana og einnig að hafa lamið höfði hennar í gólfið. Þá lýsti hún því að brotaþoli hafi bókstaflega opnað hurðina og ráðist á hana og þær hafi slegist. Kvað hún að hún hefði kannski „misst kúlið“ þarna og slegist við brotaþola en það væri fjarri því að þau slagsmál hafi falið í sér það ofbeldi sem lýst sé í ákærinni. Þá sagði ákærða að hún hafi fengið fullt eins mikla áverka og brotaþoli, en það hafi aldrei verið spurt um það. Aðspurð um hvaða áverka hún hafi fengið kvaðst ákærða hafa verið með sprungna vör og líka með bitfar. Að því sögðu kvað ákærða að það gæti því vel verið að hún hefði bitið brotaþola líka, en hún kvaðst ekki muna þetta vel, enda hafi þessi átök ekki verið eins alvarleg og lýst sé í ákæru. Nánar aðspurð um hvar hún hafi verið bitin kvað ákærða að bitfar á hendi. Hún hafi ekki farið til læknis út af þessu, enda hafi hún verið sett í fangaklefa. Ákærða kvaðst eingöngu hafa átt það erindi að ná í bíllykla sína og hafi loks fengið þá frá lögreglu eftir vist sína í fangaklefa. Hafi henni verið sagt að lyklarnir hefðu fundist heima hjá Einari Þór. Aðspurð lýsti ákærða því svo að hún hefði komið í tvígang að húsi brotaþola dagana á undan til að reyna að fá lyklana af bílnum sínum án árangurs. Kvöldið sem átökin hafi átt sér stað hafi hún komið að í leigubíl og hafi gengið inn í anddyrið og hringt dyrabjölllu. Hún hafi átt orðaskipti við brotaþola sem hafi sagt við hana að hún ætlaði að koma ákærðu í fangelsi. Brotaþoli hafi svo komið niður eins og fyrr er lýst.

Vitnið V gaf skýrslu fyrir dómi. Hún lýsti því svo að þetta hafi byrjað með því að Einar Þór hafi dvalið heima hjá henni. Ákærða hafi verið að leita að honum og hafi ítrekað komið heim til V og kvaðst hún hafa hringt á lögreglu nokkrum sinnum. Ákærða hafi hringt dyrabjölllu hjá nágranna sem hafi hleypt henni inn á stigaganginn og hafi ákærða komist að hurð að íbúð V og hafi byrjað að sparka í hurðina. Kvaðst V hafa opnað rifu á hurðina til að segja ákærðu að fara og þá hafi hún ruðst inn en V sagt henni að fara út úr íbúðinni og svo hafi ákærða ráðist á hana niðri í forstofu. Ákærða hafi ekki lamið

hana mikið með höndunum, en hafi reynt að ná henni niður í gólfíð og stappa ofan á hausnum á henni og V hafi reynt að komast í burtu frá henni. Einar Þór hafi verið uppi í íbúðinni og hafi ekki komið niður. Z og einhver leigubílstjóri hafi verið úti, en hafi ekki komið inn til að hjálpa henni. Svo hafi ákærða bitið hana af því hún hafi verið að reyna að komast í burtu frá henni. Ákærða hafi hangið á henni „eins og hundur“ þegar hún hafi bitið hana. Þá kvaðst V hafa hlaupið út á bílaplan og hafi reynt að hafa bíl á milli sín og ákærðu. Ákærða hafi ekki lamið hana neitt eftir að út var komið. V kvaðst aðspurð muna vel eftir þessu. Hún kvaðst aðspurð hafa fengið mikla höfuðáverka. Lögregluþjónn hafi hvatt hana til að fara upp á sjúkrahús og hafi verið hjá henni þar. Hún hafi farið í myndatöku af því henni hafi verið svo illt í höfðinu. Þá kvað V að hún væri enn með risastórt bitfar rétt fyrir neðan brjóstið. Hún kvaðst ekki muna hve lengi hún hafi verið að jafna sig en henni líði illa á hverjum degi þegar hún horfi á bitfarið.

X gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hann atburðum svo að hann æki leigubifreið og hafi á umræddum stað og tíma ekið ákærðu ásamt tveimur öðrum, karli og konu, að tilteknu fjölbýlishúsi. Hann kvaðst hafa lagt bifreiðinni þannig að hann hafi séð anddyri hússins í hliðarspegli bifreiðarinnar. Ákærða hafi verið með einhver læti fyrir utan húsið og þá hafi brotþoli komið niður í anddyrið. Kvaðst hann ekki hafa séð upphafið á slagsmálunum en hafi séð þegar ákærða hafi verið búin að ná brotþola niður í gólfíð og hafi verið að berja hana þar. Þær hafi endað í gólfínu og ákærða hafi verið að berja brotþola niður í gólfíð. Hann hafi séð það. Svo hafi þær hlaupið út en þetta gerist „rosalega snögg“. Þær hafi hlaupið einn eða tvo hringi í kring um bílinn hjá honum. Svo hafi brotþoli lagst í jörðina og þá hafi lögregla komið inn á planið. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir hvort ákærða hafi sparkað í brotþola eða rifið í hárið á henni, en hann myndi bara eftir að ákærða hafi verið að berja brotþola niður í gólfíð. Hann kvaðst ekki þekkja ákærðu en hann hefði verið búinn að aka henni áður að sama stað og ákærða hafi verið búin að vera með læti þar. Þetta hafi verið daginn áður eða tveim dögum áður. Ákærða hafi verið í uppnámi og hafi sagt að fyrrverandi hafi verið búinn að stela af henni bílnum og hún hafi ætlað að fá bílinn sinn til baka. Aðspurður hvort hann hefði heyrt ákærðu og brotþola segja eitthvað kvaðst hann ekki hafa gert það þar sem hann hafi verið inni í bílnum. Hann kvaðst hafa séð að brotþoli var blóðug í andlitinu. Aðspurður kvaðst hann hafa séð í hliðarspegli inn í anddyrið. Hann hafi ekki séð innri hurðina og ekki séð þegar hún var opnuð. Hafi ekki séð upphafið, en aðeins þegar brotþoli hafi verið komin í gólfíð. Hann kvaðst ekki muna hvernig þær hafi staðið upp. Átökin hafi

aðallega verið inni í anddyrinu og svo hafi þær hlaupið út og tvo hringi um bílinn hans og síðan hafi brotapolí lagst í jörðina. Ákærða hafi þá staðið við farþegahurð á leigubifreiðinni og hafi verið að reyna að fá hann til að aka í burtu, en lögregla hafi þá verið komin á staðinn. Borið var undir vitnið úr lögregluskýrslu: „X sagði V hafa komið niður í anddyrið þar sem Hólmfríður hafi ráðist á hana. X sagðist hafa séð V liggja í gólfinu inni í anddyrinu og að Hólmfríður hafi sparkað í hana. Hann kvað Hólmfríði hafa haft gott drag á V. Aðspurður kvaðst X ekki muna með hvaða fæti Hólmfríður sparkaði í V eða hvar sparkið lenti í líkama V. Hann sagði Hólmfríði síðan hafa farið niður á hné, með annað hné á V en hitt á gólfinu og lamið höfði V einum til tveimur sinnum í flísarnar. Aðspurður kvaðst X ekki muna hvort Hólmfríður hefði haft tak á höfði V með einni eða báðum höndum.“ X staðfesti að þetta væri hans framburður, en langt væri um liðið frá atburðinum og þegar hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu hafi atburðurinn verið ferskur í minni. Aðspurður kvaðst hann hafa séð inn í anddyrið vegna þess að fyrir því hafi verið hurð með gleri í og því hafi sést hvað fór fram þar innan dyra.

Vitnið Y gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hún hafa komið að viðkomandi fjölbýlishúsi í leigubifreið með ákærðu og vitninu Z á umræddum tíma. Hún kvað ákærðu hafa verið búna að vera í sambandi við brotþola varðandi fyrrverandi kærasta sinn Einar Þór og hafi ákærða ætlað að fara með föt til hans. Hún kvaðst hafa fylgt ákærðu þar sem hún hafi gengið með pokana að anddyrinu og snúið svo við. Þetta hafi ekki átt að vera neitt mál. Ákærða hafi bara ætlað að fara með pokana. Ákærða og brotþoli hafi svo farið að rífast sitt hvoru megin við glerið. Kvaðst hún ekki hafa búist við því að brotþoli kæmi inn í anddyrið og kvaðst Y hafi verið komin aftur í bifreiðina þegar hún hafi heyrt öskur. Hún hafi því hlaupið til baka strax, en hún hafi ekki litið almennilega á aðstæðurnar en hún hafi minnt ákærðu á að hún væri á reynslulausn, til að tilfinningarnar væru ekki að fara að setja þær í einhver slagsmál. Y sagði að henni hafi tekist að fá ákærðu til að hætta. Ákærða hafi elt hana aðeins frá og síðan hafi komið til örlítilla átaka eða rifrildis, milli hennar og brotþola. Aðspurð kvaðst Y ekki vita hvort brotþoli hefði verið með einhverja árverka eftir þetta. Hún hafi samt meiðst eitthvað en hún vissi ekki hversu mikið. Hún staðfesti aðspurð að hún hefði komið þarna ásamt ákærðu og Z og hafi farið úr bílnum með ákærðu sem hafi verið með fatapoka og inn í anddyrið, en hafi síðan gengið aftur að bílnum en ákærða orðið eftir. Hún hafi heyrt ákærðu og brotþola rífast í gegn um glerið. Þá hafi hún heyrt að breyting hafi orðið á og hún hafi hlaupið til baka. Þegar hún hafi fyrst gengið með ákærðu með pokana þá hafi ákærða og brotþoli verið

sitthvoru megin við glerið milli anddyris og stigagangs, en þegar hún hafi hlaupið til baka þá hafi þær verið báðar inni í anddyrinu. Ákærða hafi svo fylgt henni út úr aðstæðunum.

Borinn var undir vitnið eftirfarandi texti úr lögregluskýrslu: „Y sagði að Hólmfríður og V hafi byrjað að kallast á í gegn um rúðu í anddyrinu niðri. Y kvaðst hafa verið viss um að Hólmfríður myndi ekki koma aftur út og hafi ákveðið að fara aftur inn í leigubifreiðina. Y kvaðst þá hafi heyrt öskur og læti og hafi áttað sig á því að V hafi komið út. Þau samskipti sem farið hafi fram í gegn um rúðuna hafi snúist um að V hafi sofið hjá Einari. V hafi ekki verið að espa Hólmfríði upp heldur hafi V verið að tala við Hólmfríði fullorðinslega. Y kvaðst hafa farið inn í anddyrið og að Hólmfríði og V og hafa sagt Hólmfríði að hún væri á reynslulausn og að þetta hefði ekki verið það sem hún hafi ætlað að gera. Y sagði að Hólmfríður hafi hlustað og hætt. Y sagði að það hefði blætt þykku blóði úr munnvikum V. Y sagði að þá hefði Hólmfríður ráðist á V aftur og þá hafi V hlaupið út og hent sér í snjóinn og ofandað. Y sagði að V hafi verið örmagna og hnigið niður í snjóinn sjálf. Y sagði að Einar hafi komið niður á sama tíma og lögregla hafi mætt á vettvang.“ Y staðfesti að þetta væri rétt eftir henni haft.

Þá var enn fremur borið undir vitnið úr lögregluskýrslu: „Aðspurð sagðist Y ekki geta lýst árásinni nánar. Y sagðist hafa séð blóð í munnvikum, rifið í hár og mögulega bit. Y kvaðst ekki hafa séð V gera neitt.“ Y kvaðst ekki alveg vita hvort þetta væri allt rétt. Hún hafi ekki séð hnefahögg en meira eins og togað í hár. Man ekki nú eftir að hafa séð blóð í munnvikum.

Þ sérnámsgrunnlæknir (læknanúmer [...]) gaf skýrslu fyrir dómi. Hún var sá læknir sem tók á móti brotþola er hún leitaði á sjúkrahús eftir átökin og ritaði um þá meðferð í sjúkraskrá. Læknisvottorð er ritað af öðrum lækni sem aldrei sá brotþola en byggði vottorð sitt á framangreindri skráningu. Hún staðfesti að hún hefði ritað í sjúkraskrá þá lýsingu á áverkum sem sagt er frá í vottorði. Þá lýsti hún hringlaga áverka undir hægra brjósti sem brotþoli hafi sagt vera eftir bit. Aðspurð um hvort unnt hefði verið að segja til hvort marblettir sem greint er frá í vottorði hafi verið nýlega tilkomnir eða eldri kvað hún ekki unnt að greina með vissu aldur marbletta.

Niðurstaða dómsins varðandi ákæru 11.

Eins og nánar er rakið hér að framan er sakarefni málsins átök sem urðu milli ákærðu og brotþola undir miðnætti að kvöldi Þorláksmessu árið 2023. Ef litið er til

framburðar ákærðu fyrir dómi gengst hún við því að hafa umrætt kvöld komið í anddyri stigagangs þar sem brotþoli bjó og hafa þar freistað inngöngu. Liggur fyrir að þær áttu orðastað þar sem brotþoli stóð fyrir innan læsta hurð, með glerglugga, og ákærða fyrir utan. Átökin hófust eftir að hurðin var opnuð. Brotþoli ber að ákærðu hafi einhvern veginn tekist að opna dyrnar en ákærða ber að brotþoli hafi opnað dyrnar og ráðist að henni og rífið í hár hennar. Brotþoli lýsir því á hinn bóginn þannig að ákærða hafi komist inn á stigaganginn og hafi dregið hana fram í anddyrið á hárinu og hafi þar haldið áfram að veitast að henni, meðal annars með því að bíta hana mjög fast í líkamann. Kvaðst brotþoli hafa varið sig gegn árás ákærðu en ekki ráðist að henni á móti. Henni hafi svo tekist að losa sig og komast út úr húsinu og þar hlaupið undan ákærðu. Hér fyrir er minnst á myndband sem brotþoli tók af samskiptum sínum við ákærðu við hurðina milli anddyris og stigagangs. Má þar heyra orðaskipti og ákærða gengur að hurðinni. Hún sýnir á sér fararsnið og virðist ætla að yfirgefa anddyrið og þá opnar brotþoli dyrnar. Ákærða snýst þá á hæli og reynir að komast að dyrunum en brotþoli lokar áður en það tekst. Ákærða fer þá að útihurð og opnar og nær í fatapoka sem hún hristir úr inn í anddyrið. Á þeirri stundu sést vitnið Y fyrir utan hálfopnar útidyrnar og brotþoli þakkar henni fyrir. Ákærða kemur þá aftur hratt inn í anddyrið en brotþoli nær að loka hurðinni. Upptakan endar þarna. Þó upphaf átakanna sjáist ekki á myndskreiðinu verður að mati dómsins dregin sú ályktun af því sem sést að ákærða hafi verið að freista inngöngu á stigaganginn. Þá styður myndbandið ekki þá fullyrðingu ákærðu að brotþoli hafi verið að egna hana þarna með einhverjum hætti. Framburður vitnisins Y styður heldur ekki þessar fullyrðingar ákærðu. Er í raun ekkert sem fram hefur komið í málinu sem rennt gæti stöðum undir að brotþoli hafi verið að egna ákærðu eða hafi sóst eftir að eiga í átökum við hana. Á hinn bóginn eru aðstæður allar, eins og upplýst er um þær með vitnisburðum og öðrum fyrirliggjandi staðreyndum á þann veg að renna stöðum undir það að ákærða hafi sótt að brotþola. Framangreindar forsendur leiða til þess að mati dómsins, þó enginn sé til frásagnar um upphaf átakanna, utan brotþoli og ákærða, að telja verði framburð brotþola um þau samskipti að mun trúverðugri en framburð ákærðu, enda þykir framburður brotþola samræmast öðrum sönnunargögnum á meðan framburður ákærðu er í andstöðu við þau. Á framangreindum forsendum telur dómurinn því sannað, gegn neitun ákærðu, að hún hafi ráðist með ofbeldi að brotþola, eins og greinir í ákæru. Verður lagt til grundvallar að ákærða hafi átt upptök að árásinni. Í ákæru er háttsemi ákærðu nánar lýst nánar þannig að hún hafi ráðist með ofbeldi að brotþola rífið í hár

hennar og dregið hana niður í gólfið á hárinu, sparkað í líkama hennar, sett annað hné sitt á líkama brotaþola sem lá á gólfinu, bitið hana í brjóstakassa og lamið höfði brotaþola í flísarnar í anddyrinu. Ákærða hefur sjálf viðurkennt að hún hafi rifið í hár brotaþola og einnig kom fram hjá henni að það væri vel mögulegt að hún hafi bitið brotaþola, þótt hún muni þetta ekki vel. Þá kom einnig fram í framburði hennar að hún og brotaþoli hafi slegist. Vitnið X kvaðst hafa séð ákærðu vera að ráðast á brotaþola. Hann kvaðst þó ekki hafa séð upphaf átakanna. Hann hafi á hinn bóginn séð þegar ákærða hafi verið búin að ná brotaþola niður í gólfið og hafi verið að berja hana þar. Þær hafi endað í gólfinu og ákærða hafi verið að berja brotaþola niður í gólfið. Hann hafi séð það. Svo hafi þær hlaupið út en þetta hafi gerst „rosalega snögg“. Þá var borið undir hann hvað eftir honum var haft í lögregluskýrslu og staðfesti hann það og að hann hefði þar verið að lýsa atvikum rétt eftir atburðina og þeir hafi þá verið honum ferskari í mynni. Liggur því fyrir staðfesting hans á því að hann hafi séð brotaþola liggja í gólfinu inni í anddyrinu og að ákærða hafi sparkað í hana. Ákærða hafi síðan farið niður á hné, með annað hné á V en hitt á gólfinu og lamið höfði V einum til tveimur sinnum í gólfflísarnar. Framangreind lýsing atburða er í samræmi við framburð brotaþola og fellur einnig að öðrum gögnum málsins. Þá er áverkum brotaþola lýst í læknisvottorði og samræmist sú lýsing þeirri sem fram kemur í ákæru. Með framangreindum hætti telst sannað, gegn neitun ákærðu, að hún hafi gerst sek um þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

Eins og að framan er getið gerir brotaþoli kröfu um greiðslu skaða- og miskabóta, samtals að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum eins og nánar greinir í bótakröfu sem lýst er hér að framan. Annars vegar er um að ræða skaðabætur að fjárhæð 500.000 krónur, en hins vegar miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 1.500.000 krónur. Af hálfu brotaþola hafa engin gögn verið lögð fram til stuðnings skaðabótakröfunni og þegar af þeirri ástæðu eru ekki lagaskilyrði til að taka hana til greina. Á hinn bóginn á brotaþoli rétt á miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga úr hendi ákærðu vegna þeirrar árásar sem hún varð fyrir. Verður ákærða því dæmd til að greiða brotaþola miskabætur að fjárhæð 350.000 krónur og ber fjárhæðin vexti og dráttarvexti eins og nánari grein verður gerð fyrir í dómsorði. Þá verður ákærða dæmd til að greiða 250.000 krónur í málskostnað.

Ákæra 23. október 2023 á hendur Einari Þór „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa fimmtudagskvöldið 5. maí 2022, fyrir utan heimili sitt að [...] á Akureyri, veist að Æ, kt. [...], með kjötexi og slegið til hans með exinni þannig að hún hafnaði í hægri þumalfingri brotaþola, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð handarbaksmegin á hægri hönd rétt yfir hnúalið á þumli, sínar skamma þumalréttis og langa þumalréttis fóru í sundur, skyntaug ölnarmegin á þumli fór í sundur, lítill beinmoli var laus frá næranda nærkjúku þumals, hluti af fjærenda miðhandarbeins í þumli var laust frá og var sá hluti færður á sinni stað og festur með nagla („smart nail“). Sinaáverkarnir og taugaáverkarnir voru lagaðir í aðgerð með því að sauma líffærin saman og gert var að brotunum í sömu aðgerð.

Ástæða þessa var að brotaþoli fór að heimili ákærða var í þeim tilgangi að innheimta skuld vegna fíkniefnasölu hjá ákærða og fór hann með slökkvitæki að heimili hans og bankaði á útidyrhurðina með tækinu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda.

Málsatvik eru í stuttu máli þau að þann 5. maí 2022 fór brotaþoli, vitnið Æ, að heimili ákærða akandi í bifreið sem kærasta hans, vitnið Ö, ók. Með þeim voru í för, tveir vinir brotaþola, vitnið AA og vitnið AB. Brotaþoli átti það erindi við ákærða að innheimta hjá honum skuld. Þeir félagar tóku með sér slökkvitæki, sem lýst er sem litlu tæki, sem er þannig gert að það sprautar vökva um stút efst á tækinu en ekki um slöngu eins og er um mörg slökkvitæki. Ekið var að heimili ákærða og brotaþoli og fyrrnefndir tveir félagar hans fóru að útidyrum hjá ákærða og bönkuðu þar upp á. Fyrst með hefðbundum hætti en síðan með slökkvitækinu. Ákærði kom fyrst ekki til dyra en kom síðan út með kjötöxi í hendi og að sögn þeirra félaga réðst hann þegar til atlögu og hjó í átt að brotaþola, sem bar fyrir sig höndina og fékk öxina í höndina þannig að höggið skar þumalfingur inn að beini. Mikið blæddi úr sárinu og var þegar haldið á sjúkrahús þar sem gert var að sárum brotaþola. Fyrir liggur læknisvottorð sem lýsir áverkanum og er sú

lýsing réttilega tekin upp í ákæru. Kjötöxi sú sem haldlögð var síðar á heimili ákærða var 437 grömm að þyngd, blaðið var 17. sentimetra langt og 10 sentimetra breitt.

Ákærði gaf ekki skýrslu fyrir dómi.

Brotapoli, Æ gaf vitnaskýrslu við aðalmeðferð. Greindi hann svo frá að ákærði hafi skuldað honum peninga. Kvaðst hann hafa verið orðinn reiður út í ákærða þar sem hann taldi ákærða alltaf vera að svindla á honum. Hann hafi því ætlað að fara heim til ákærða og tala við hann. Það hafi allir verið búnir að vara hann við því að gera þetta, þannig að hann hafi ákveðið að fara ekki einn þangað. Það hafi verið tveir menn sem hann hafi tekið með sér, en kærasta hans hafi ekið bifreiðinni sem þau hafi komið á. Einnig hafi hann tekið með sér slökkvitæki. Kvaðst Æ hafa byrjað á að banka heima hjá ákærða. Kvaðst hann hafa vitað að ákærði væri heima og hafi bankað fastar án þess að ákærði kæmi til dyra. Þá hafi hann bankað með slökkvitækinu mjög fast. Ákærði hafi þá komið hlaupandi út fáklæddur og öskrandi að honum segjandi að hann ætti að koma í góðu. Ákærði hafi ætlað að slá kjötöxinni í hálsinn á Æ en hann hafi borið höndina fyrir sig og kjötöxin sem ákærði hafi haldið á hafi farið beint í höndina á honum. Aðspurður um hvers vegna hann hafi tekið með sér slökkvitækið kvaðst hann ekki hafa verið edrú á þessum tíma og hausinn á honum hafi ekki verið í lagi. Honum hafi fundist hann þurfa að hafa eitthvað með til þess að verja sig. Beint eftir að hann hafi fengið kjötöxina í sig kvaðst Æ hafa sprautað yfir ákærða úr slökkvitækinu. Aðspurður um það hvort tilgangurinn með því að hafa með sér slökkvitæki hafi verið að meiða ákærða kvað Æ að það hafi ekki verið. Þetta hafi verið frekar þungt slökkvitæki og hann viti ekki alveg hvernig hann hefði átt að meiða ákærða með því. Hann kvað að hann hafi allavega verið reiður og hafi verið í „einhverju rosalegu geðrofi“. Meiðslum sem Æ fékk lýsir hann svo að ákærði hefði höggvið inn í hált bein og hafi tekið allar taugar og sinar í sundur þannig að hann hafi ekki getað hreyft fingur og hafi þurft að fara strax í aðgerð. Enn sé hann með stórt ör á hendinni eftir aðgerðina. Hann kvaðst aðspurður ekki vita hvernig hann hafi farið að því að sprauta úr slökkvitækinu á ákærða, en hann muni lítið eftir þessu utan það sem hann sé búinn að lýsa. Hann kvaðst hafa verið í gífsi í meira en sex vikur eftir aðgerðina og hann sé enn að fá verki í puttann, einhverskonar taugaverki og náladofa. Hann hafi verið rosalega langan tíma eftir að hann hafi losnað úr gífsinu að ná almennilegri hreyfigetu í puttann. Nánar aðspurður um hvert högg ákærða hafi stefnt þegar hann hafi borið hendi fyrir sig kvað Æ að það hafi einhvern veginn stefnt beint að

hausnum á honum. Kærasta Æ hafi séð þetta en atburðarásin hafi verið mjög hröð þannig að hann muni þetta ekki vel. Kærastan hans segi að hún hafi séð að hann hafi ætlað að slá Æ í höfuðið með kjötöxinni en þá hafi hún lokað augunum. Hann kvaðst líklega hafa verið undir áhrifum þegar þetta gerðist og hefði verið búinn að taka eina Xanax töflu og hugsanlega smá gras. Hann hafnaði því alfarið að hann hefði fyrst sprautað úr slökkvitækinu á ákærða. Hann minni að þar sem ákærði hefði komið öskrandi út hafi hann verið að reyna að róa hann og hafi verið „skíthræddur“. Ákærði hafi höggvið í hönd hans, hann síðan sprautað úr slökkvitækinu á ákærða, ákærði hafi farið inn í húsið og Æ hafi farið inn í bílinn sem hafi verið ekið á brott. Æ kveðst hafa haldið á slökkvitækinu í vinstri hendi og borið fyrir sig þá hægri. Aðspurður um hvort hann hefði verið með hníf þarna kvaðst Æ alltaf ganga með vasahníf. Hann kvaðst halda að hann hafi ekki haldið á hníf þarna en hann muni það ekki fyrir víst. Aðspurður um hvort þetta hafi verið einhverskonar „handrukkun“ kvað Æ að þetta hafi átt að vera eitthvað í þá áttina en hann hafi ekki ætlað að vera beinlínis „aggressívur“.

Ö gaf skýrslu fyrir dómi, en hún er kærasta brotþola.

Hún kvaðst hafa ekið brotþola og tveimur öðrum að heimili ákærða. Brotþoli hafi farið út úr bifreiðinni ásamt félögum sínum en hún hafi setið eftir. Þeir hafi labbað saman að útidyrhurð og brotþoli hafi verið með slökkvitæki. Ákærði hafi komið út með einhvern rosalegan hníf, kjötöxi. Ákærði hafi byrjað bara að „svinga“. Hún kvaðst muna eftir því að hún hafi verið að horfa og ákærði komi og höggvi í brotþola. Þetta hafi litið út fyrir að hafa farið í hálsinn og hún hafi litið undan og hafi sagt við sjálfa sig að brotþoli væri „dauður“. Ákærði hafi verið að miða á hálsinn á honum. Brotþoli hafi hins vegar einhvern veginn náð að setja höndina fyrir og eftir það hafi þetta verið búíð. Þegar hún hafi litið til baka þá hafi þeir verið að labba til baka í bílinn. Þegar brotþoli hafi komið þangað þá hafi allt verið út í blóði. Aðspurð um hvaða samskipti hún hafi heyrt milli brotþola og félaga hans um erindi þeirra til ákærða, kvaðst hún ekki muna það utan að það hefði verið rætt um einhverja peninga. Hún kvaðst halda að brotþoli hafi ætlað að rukka ákærða en hún muni það ekki vel. Brotþoli hafi þarna verið búinn að taka Xanax og hafi verið í „einhverju rosalegu skapi“ þannig að hún muni ekki alveg hvert „planið hans var“ og hún haldi að brotþoli muni það ekki einu sinni sjálfur. Hún viti þó að þetta hafi snúist um að ákærði hefði ekki borgað eitthvað. Aðspurð um hvernig slökkvitækið hafi verið kvað hún þetta ekki hafa verið hefðbundið slökkvitæki sem sjá megi víða heldur hafi þetta verið minni gerð, sem brotþoli hafi tekið úr kjallaranum heima hjá

mömmu sinni. Þetta hafi verið tæki sem hægt væri að halda á í einni hendi og á því hafi ekki verið slanga eins og oft sé á slíkum tækjum. Hún kvaðst hafa séð brotaþola sprauta úr slökkvitækinu á ákærða á einhverjum tímapunkti. Kvaðst hún halda að það hafi verið áður en ákærði hafi komið „svingandi“ því hún hafi hætt að horfa eftir höggið. Hún telur að brotaþoli hafi sprautað á ákærða úr tækinu áður en ákærði hafi ráðist að honum með hnífinn. Ákærði hafi hins vegar ekki komið út rólegur og heilsað, heldur hafi hann komið út sveiflandi kjötöxi. Hún kvaðst allan tímann hafa verið í bílnum í ökumannssæti. Horfði á innan úr bílnum. Hún taldi að brotaþoli hafi ekki verið með hníf. Hann hafi hugsanlega reynt að finna hníf áður en þau hafi lagt af stað en ekki fundið og hafi tekið slökkvitækið. Það hafi að minnsta kosti ekki verið neinn hnífur í hendi þarna á vettvangi. Er hún hafi stöðvað bifreiðina þarna hafi þeir þrír farið út og bankað, en síðan hafi vitnið AB komið fljótlega aftur í bílinn. Brotaþoli hafi bankað eitthvað eða barið fast hún kvaðst ekki muna það. Hún lýsti því að þessi atburður hafi verið henni mjög mikið áfall og því gæti verið að hún myndi ekki allt nógu vel enda tvö ár síðan þetta gerðist. Hún staðfesti að hún hefði ekki séð þegar högg ákærða hafi lent á brotaþola því hún hafi litið undan þegar hún hafi séð ákærða reiða upp kjötöxina og slá henni í átt að hálsi brotaþola. Hún hafi frosið og ekki þorað að líta aftur til baka fyrir en nokkru seinna. Hún hafi talið að kærastinn hennar væri dauður.

Vitnið AA gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa í undanfara atviksins hafa fengið símtal frá vini brotaþola, vitninu AB, sem spurt hafi hvort hann vildi koma á „rúntinn“ með þeim. Síðan hafi þeir sagt að stoppa þyrfti á einum stað fyrst til að tala við einhvern. Kvaðst AA ekki hafa vitað hvað þeir hafi verið að fara að gera. Þegar þeir hafi komið þangað þá hafi brotaþoli sagt honum og AB að koma með sér út úr bifreiðinni. Brotaþoli hafi byrjað að banka á hurðina og hafi reynt að kíkja inn um glugga til að sjá hvort einhver væri heima. Síðan kannski mínútu seinna „fleygist hurðin opin og ég sé bara höndina koma út með hnífnum“. Aðspurður um hvort þeir hafi verið með slökkvitæki kvaðst hann ekki muna eftir því og þá ekki að sprautað hafi verið yfir ákærða úr slökkvitæki. AA hafi séð ákærða höggva með hnífnum og hafi orðið skíthræddur og hafi hlaupið aftur í bílinn. Hann kvað að hnífurinn hafi verið stór og „kössóttur“. Einhver stór kjöthnífur. Aðspurður um hvort hann hefði þekkt ákærða fyrir þetta kvaðst hann hafi gert það lítillega, hann sé vinur vinar hans. AA kvaðst ekki hafa vitað erindi brotaþola við ákærða utan að brotaþoli hafi viljað tala við hann. Aðspurður um hvort hann hafi séð brotaþola með hníf kvaðst hann telja að brotaþoli hafi verið með kylfu en ekki hníf. Þetta

hafi verið lítil hafnaboltakylfa. Þá lýsti AA því að þegar ákærði hafi komið út og höggvið með hnífnum þá hafi brotþoli sleppt kylfunni og borið höndina fyrir sig.

Vitnið AB gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst ekki hafa séð hvað hafi gerst þarna. Hann hafi komið með brotþola og AA upp að húsinu en hafi svo horfið frá og sest inn í bifreiðina sem þau hafi komið á. Hann staðfesti aðspurður að brotþoli hafi haldið á slökkvitæki þegar þeir hafi komið að húsinu. Hann gat á hinn bóginn ekki lýst slökkvitækinu nánar og kvaðst ekki muna mikið eftir þessu, en taldi að þetta hafi verið lítið slökkvitæki. Aðspurður kvað AB að brotþoli hafi ekki verið með hníf í hendi. Tilgangurinn með heimsókninni hafi verið að ræða við ákærða og hugsanlega að rukka einhverja peninga. Aðspurður um hvort til hafi staðið að berja ákærða með slökkvitækinu sagði hann svo ekki hafa verið. Tækið hafi bara verið tekið með til öryggis. AB kvaðst ekki hafa séð brotþola sprauta úr slökkvitækinu á ákærða. Eftir að hann hafi komið í bifreiðina hafi hann verið að tala við kærustu brotþola sem setið hafi þar. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt af átökunum og taldi aðspurður að það hefði ekki verið hægt að sjá þau frá bílnum, en hann hafi allavega ekki verið að fylgjast með hvað hefði verið í gangi þarna uppi við húsið. Aðspurður um tengsl við brotþola kvað AB að hann væri búinn að vera besti vinur hans síðustu fimm árin.

AD læknir gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti vottorð sem hann ritaði vegna málsins og svaraði spurningum um efni þess. Aðspurður um hverjar væru batahorfur varðandi áverka af þessu tagi kvað hann ólíklegt að menn næðu fullum bata eftir taugaáverka af þessu tagi en erfitt væri að spá fyrir um það í öllum tilvikum. Þá kvað hann aðspurður að þrátt fyrir þá áverka sem brotþoli hafi orðið fyrir þá hefði hann getað haldið á einhverju þar sem áverkinn hafi orðið á sinum og taugum sem stýra réttingu fingursins. Hann hefði því getað haldið t.d. á hamri eftir áverkann. Vottorð læknisins lýsir áverkum brotþola með sama hætti og greinir í ákæru.

Niðurstaða varðandi ákæru 12.

Hér að framan er nokkuð ítarlega rakinn vitnaframburður fyrir dómi. Eru brotþoli, vitnið Ö og vitnið AA sammála um að ákærði hafi komið út af heimili sínu vopnaður kjötöxi. Þessa öxi hafi hann reitt upp og slegið til brotþola þannig að blaðið gekk inn að beini á þumalfingri hægri handar. Þá verður að leggja til grundvallar með vísan til sömu vitnisburða að öxinni hafi verið beint að höfði brotþola og að hún hafi lent á þumalfingri hans vegna þess að hann bar höndina fyrir höggið. Í málinu liggur fyrir

mynd af umræddri öxi og verður að telja augljóst að um er að ræða hættulegt verkfæri. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að með vísan til framangreindra vitnaskýrslna sé fullsannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, en einnig bera áverkar hans merki um að hafa orðið við allmikið högg með kjötöxinni. Með hliðsjón af því hve háskalegt verkfæri er um að ræða er fallist á með ákæruvaldi að háttsemi ákærða verði réttilega heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Engar forsendur eru til að fallast á með ákærða að heimfæra eigi háttsemi ákærða undir vægara refsíákvæði. Við ákvörðun refsingar verður haft í huga að árás ákærða var svar við því að brotaþoli og félagar hans komu að heimili ákærða með slökkvitæki og nýttu það til að berja á hurð íbúðarinnar og verður að telja að aðsókn þeirra að heimili ákærða hafi sýnt árásgirni af þeirra hálfu. Þá liggur og fyrir að brotaþoli sprautaði úr slökkvitækinu á ákærða, þótt ekki sé unnt að fullyrði hvort það var á undan eða eftir atlögu hans með kjötöxinni. Síðastnefnt framferði brotaþola réttlætir þó ekki þá alvarlegu líkamsárás sem ákærði framdi og verða viðbrögð hans að teljast verulega úr hófi.

Sakarferill og refsíákvörðun vegna brota ákærðu Hólmfríðar Lilju sem sakfellt hefur verið fyrir samkvæmt framangreindu.

Ákærða Hólmfríður Lilja er fædd árið [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hún nokkurn sakarferil. Fyrst var hún dæmd árið 2012 í fjögurra mánaða fangelsi sem skilorðsbundið var til tveggja ára, fyrir þjófnað, fjársvik og brot á umferðarlögum. Hún var þá einnig svipt ökurétti í tvö ár. Ákærða hlaut 9 mánaða fangelsisdóm 19. febrúar 2013, skilorðsbundinn til tveggja ára fyrir fjársvik og rán. Næst hlaut hún dóm 3. maí 2013, fangelsi í 12 mánuði skilorðsbundið til tveggja ára fyrir minniháttar líkamsárás og þjófnað. Þá gerði hún sátt um greiðslu sektar að fjárhæð 70.000 krónur 30. maí 2016 vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þann 4. nóvember 2016 var ákærða dæmd í 30 daga fangelsi fyrir gripdeild. Þá var hún dæmd 2. desember 2016 til að sæta fangelsi í 18 mánuði fyrir þjófnað, sem og brot gegn fíkniefnalöggjöf og umferðarlögum, en með þeirri refsíákvörðun var skilorðsdómur frá 3. maí 2013 dæmdur upp. Þann 6. júlí 2017 var ákærð dæmd í 30 daga fangelsi fyrir gripdeild, þjófnað, eignaspjöll og minniháttar líkamsárás. Þá var ákærða dæmd til greiðslu sektar að fjárhæð 160.000 krónur 28. mars 2019. Ákærða hlaut næst dóm 21. nóvember 2019 og var dæmd til að sæta fangelsi í 12 mánuði fyrir þjófnað og gripdeild, en með þeim brotum rauf hún reynslulausn á 285 daga

eftirstöðvum fangelsisrefsingar og var sú refsing dæmd upp og er því hluti þeirrar refsingar sem hún var dæmd til í þeim dómi. Loks var hún dæmd í 3 mánaða fangelsi 25. maí 2021 fyrir líkamsárás, þjófnað og hótunarbrot. Ákærða lauk afplánun framangreindra fangelsisdóma 19. nóvember 2023.

Ákærða er í dómi þessum sakfelld fyrir 9 þjófnaðarbrot, þar af eitt í félagi við meðákærða. Þá er hún sakfelld fyrir eina tilraun til þjófnaðar. Einnig er ákærða sakfelld fyrir nytjastuld í tvígang, en annað brotið var framið í félagi við meðákærða en þau eru í sama skipti sakfelld fyrir að hafa saman skipt um skráningarmerki á umræddri bifreið. Þá er ákærða sakfelld fyrir líkamsárás í tvígang. Einnig er ákærða sakfelld fyrir að hafa ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna og lyfja í tvígang. Framangreindum brotum er ítarlega lýst hér fyrir í dómnum. Þegar horft er til sakarferils ákærðu sem og fjölda þeirra brota gegn almennum hegningarlögum sem hún er hér sakfelld fyrir þykir hæfilegt að hún sæti nú 14 mánaða fangelsi. Ekki er tilefni til að skilorðsbinda þá refsingu.

Þá verður ákærðu gert að greiða sekt vegna brota sinna á umferðarlögum sem þykir hæfilega ákveðin 400.000 krónur sem henni ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæta ella 24 daga fangelsi. Ákærða er svipt ökurétti í 24 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Sakarferill og refsíákvörðun vegna brota ákærða Einars Þórs sem sakfelld hefur verið fyrir samkvæmt framangreindu.

Ákærði Einar Þór er fæddur árið [...]. Samkvæmt sakavottorði hans var hann dæmdur í 30 daga fangelsi 23. maí 2011 skilorðsbundið í tvö ár fyrir þjófnað. Þá var hann dæmdur í 45 daga fangelsi 24. maí 2011 skilorðsbundið í tvö ár fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni, en fyrstnefndi dómurinn var þá dæmdur upp. Þann 21. mars 2014 var hann dæmdur í fangelsi í 4 mánuði skilorðsbundið til tveggja ára fyrir eignaspjöll og nytjastuld auk brota á umferðarlögum og sviptur ökurétti í 8 mánuði. Þá var hann dæmdur 5. desember 2014 í fangelsi í 6 mánuði skilorðsbundið í tvö ár fyrir líkamsárás, hótanir og brot á vopnalögum. Þann 15. ágúst 2018 var hann dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 180.000 krónur og sviptur ökurétti í tvö ár vegna ölvunaraksturs. Með árituðu sektarboði 11. mars 2022 var ákærða gert að greiða 40.000 krónur í sekt vegna aksturs án gildra ökuréttinda og loks var hann dæmdur til að greiða 380.000 króna sekt vegna fíkniefnaaksturs og án ökuréttinda. Þá var hann sviptur ökurétti ævilangt.

Í máli þessu er ákærði Einar Þór sakfelldur fyrir að hafa einu sinn gerst sekur um þjófnað ásamt meðákærðu. Þá er hann sakfelldur fyrir að hafa vörslur 7,2 gramma af

amfetamíni. Auk framangreinds er hann sakfelldur fyrir meiriháttar líkamsárás og nytjastuld bifreiðar, í félagi við meðákærðu, en einnig fyrir að skipta um skráningamerki á bifreiðinni. Þegar þessi brot ákærða eru virt heildstætt verður honum ákveðin refsing í einu lagi fangelsi í 10 mánuði. Þá verður honum gert að sæta upptöku á 7,2 grömmum af amfetamíni sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins. Þá er áréttuð ævilöng svipting ökuréttar.

Sakarkostnaður

Í samræmi við framangreinda niðurstöður verður ákærðu Hólmfríði Lilju gert að greiða sakarkostnað málsins vegna þeirra sakarefna sem hún hefur verið sakfelld fyrir. Samtals verður ákærðu gert að greiða 3.673.750 krónur í sakarkostnað. Er það útlagður kostnaður ákæruvalds samtals að fjárhæð 602.890 krónur og málsvarnarlaun Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 3.070.860 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Ákærða Einari Þór Gunnarssyni verður með sama hætti gert að greiða sakarkostnað samtals að fjárhæð 2.280.571 króna og er það útlagður sakarkostnaður ákæruvalds að fjárhæð 152.731 króna, sem og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 2.127.840 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Einar Þór Gunnarsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins að fjárhæð 2.280.571 króna og er það útlagður sakarkostnaður ákæruvalds að fjárhæð 152.731 króna, sem og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 2.127.840 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Ákærði sæti upptöku á 7,2 grömmum af amfetamíni sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Áréttuð er ævilöng ökuréttarsvipting ákærða.

Einkaréttarkröfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hendur ákærða er vísað frá dómi.

Ákærða Hólmfríður Lilja Gylfadóttir sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærða greiði 400.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæti ella 24 daga fangelsi.

Ákærða er svipt ökurétti í 24 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði sakarkostnað að fjárhæð 3.673.750 krónur. Er það útlagður kostnaður ákærvalds samtals að fjárhæð 602.890 krónur og málsvarnarlaun Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 3.070.860 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Ákærða greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 6.850 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 6. ágúst 2022 til 24. nóvember 2023 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu frá þeim degi til greiðsludags. Ákærða greiði 50.000 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði P, 250.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. ágúst 2022 til 24. nóvember 2023 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði V 350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1 málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. desember 2022, til 24. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.